

Grönlandske chronica eftir Claus Christoffersen Lyschander. Lbs 150 4to (30r-72v)

Grænlandskrónika er þýðing á *Den Grönlandske Chronica* eftir Claus Christoffersen Lyschander (1558–1623/24). Rit Lyschanders kom út árið 1608 og er í bundnu mál. Til eru að minnsta kosti tvær íslenskar þýðingar á því í lausu máli. Textinn sem hér fer á eftir er sleginn inn eftir handriti sem Oddur Jónsson digri (1648–1711), klausturhaldari á Reynistað, skrifaði. Oddur var af valdamikilli ætt og menningarlegri. Hann var sonur Jóns Arasonar prests í Vatnsfirði og Hólmfríðar Sigurðardóttur. Ein systir hans var Ragnheiður Jónsdóttir biskupsekkja sem rak skóla og menningarstofnun í Gröf á Höfðaströnd.

Í *Grænlandskróniku*, eins og ritið kallast á íslensku, má finna hugmyndir 16. og 17. aldar fólks um Grænland. Það var ekki aðeins dulúðugur staður sem torvelt var að sækja heim, þar áttu líka að leynast í jörðu miklar gersemar í gulli og silfri. Lyschander fjallar meðal annars um landnám norrænna manna á Grænlandi og styðst við fyrri rit, t.d. *Gronlandiu eður Grænlandssögu* eftir Arngrím Jónsson (1568–1648) lærða. Meginstofninn í riti hans lýsir hins vegar tilraunum Noregs- og Danmerkukóniga til að viðhalda Grænlandi sem hluta af ríkinu. Áhugi valdhafa á Grænlandi var þó ekki stöðugur og því komu tímabil þar sem landið var aldrei sótt heim.

Viðhorf Lyschanders til íbúa Grænlands er áhugavert. Þó að hann lýsi þeim sem villimönnum, sérkennilegum í háttum og útliti, leynir sér ekki aðdáun hans á hversu slyngir veiðimenn og sjómenn þeir eru. Hús þeirra séu einnig svo haganlega gerð að kuldi og regn ná þar aldrei inn.

Í bókinni *Tvær eyjar á jaðrinum. Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar* fjallar Sumarliði R. Ísleifsson m.a. um rit Lyschanders.¹

Texti *Grænlandskróniku* er færður til nútímahorfs en alla jafna haldið í orðmyndir. Væru villur leiðréttar var það gert án auðkenna. Staðreyndavillur voru ekki leiðréttar. Nöfn (bæði staða- og mannanöfn) eru stafsett eins og venja er að rita þau nú á tímum. Nöfn sem ekki tókst að hafa upp á eru stafsett eins og þau koma fyrir í handritinu. Í undantekningartilfellum var vísað í danska frumtextann til að sýna hvernig nafnmynd birtist þar. Ég þakka Gottskálk Þór Jenssyni fyrir hjálp við að hafa upp á nokkrum mannanöfnum.

Guðrún Ingólfssdóttir, júní 2026.

¹ Sumarliði R. Ísleifsson, *Tvær eyjar á jaðrinum. Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar* (Reykjavík, 2015), s. 139–141.

Lyschanders krónika

eður

sú

Grænlenska

krónika

hvar inni stuttlega skrifast

hvörnin landið á fyrri tímum er í öndverðu

fundið og byggt, og hefur legið undir kónganna fatabúr

í Noregi. Meðtekið kristilega trú, verið

undir Þrándheims erkibiskupsdæmi og

hefur haft sína eiginlega sjálfsbiskupa

svo sem bevísast kann.

Með margra norskra kónga, biskupa og annarra ýmsra
skikkanlegri uppteiknan, sem að finnst í þeirra ævintýrlegum frásögum,

bæði norskra, íslenskra og Suðureyjanna, eftir því sem

skeð hefur á sérhvörjum tíma, og eftir drottinlegri áratölu.

Svo mikið sem af

dönskum, norskum, engelskum, skoskum og eyjamanna historíum reynt

verður. Ásamt þess stórmektuga og loflega konungs Christians

þess 4^{ða}, þrenn skipatog og farsælar reisir útvísa, þeir eð gjörðu

fyrstu tvær reisir uppá suðvestur síðu landsins og hina þriðju

ásettu sér að hitta uppá Eiríksfjörð og þá gömlu sjóleið

norskra manna. Sú fyrsta þeirra reisa skeði annó 1605, sú

önnur 1606, en sú þriðja 1607. Öllum dönskum og íslenskum mönnum til æru og virðingar,

að nýju upp skrifað annó 1705 O.J.

Hér byrjast Grænlandskrónika

1. kap.

Norður í villihafi liggur það land er Grænland nefnist, undir þeim ysta og nyrðra hnattaroddi. Í þessu landi kemur mikill kuldi, frost og hræðileg stormviðri, stórfannir og ísalög mikil. Þar eru á veturnar stuttir dagar og dimmir en nætur langar. Sjór og himinn er þess hervopn sem mörgum hamlar þangað að reisa. En þó hefur Guð almáttugur því svo til hagað, sem það svo tilreitt hefur að það byggjast skyldi og fólkinu gefið þar til ráð og efni, og hefur flutt sitt fólk af Armenía í fyrri tíð þangað sem landið allra fyrst byggðu, hvör eftir sinni art og tegund.

Í því líkan máta hefur Guð blessaður faðir til sett að í Noregi á háfjöllum skyldi byggð verða. Hvar þeir um síðir urðu svo margir og mektugir, að þeir sigldu út víða um ver og villihöf og fengu svo uppleitað lönd og eyjar, og öktuðu að öngvu veg né voða, strönd né storma. Þeir héldu fram sem horfði með stórri hugdirfð og hjartaprýði, treystandi uppá lukkunnar liðgóða. Hvörjum hún svo vel reyndist að bæði himinn og haf lék og féll þeim til vilja. Þeir virtu engin þrekvirki að nokkru og þar með unnu þeir mikinn prís. Og fyrir mikið ómak og dýra þolinmæði gátu þeir svo upp leitað ókennd lönd og eyjar, hvar þeir fengu leitað sinnar næringar, brauðs og bjargræðis til sjóar og lands eftir sérhvörs staðar háttalagi.

2. kap.

Þegar að skrifaðist 770 ár frá Herrans hingaðburði, þá er þess getið að einn norskur maður að nafni (Nadoch) Naddoddur hafi búið ferð sína úr Noregi og lét horfa vestur í haf að Færeyjum. Þar komu uppá mótvindar stríðir fyrir hönum, hrepptu mikið sjóvolk og hafsneyð um tíma og leið mikinn hrakning, þar til hann um síðir náði góðri höfn í Austfjörðum á Íslandi, þó tregt gengi sakir ókunnugleika fyrir klungri og klettum, brimi og boðaföllum. Þar var ís á fjörðum en fannir á fjöllum. Þar sté hann á land og fór að hugleiða hvörmin landslag væri, hvar af mörgum hefur gagn aukist og gæði staðið. Fékk hann svo hugleitt fögur landsgæði og víða vænt pláss til bóls og byggða og þar með næringarsamt þeim er nýta vildu. Um haustið hélt hann aftur þaðan frá landi heim í Noreg og sagði svo hið sanna frá sinni ferð og raunum og því landi er hann fundið hefði.

3. kap.

Á fjórða ári þar eftir, annó 774, bjó sá maður í Noregi skip sitt úr höfnum er Ingúlfur hét og lét horfa á sömu leið sem hinn fyrr. Fékk hann sémilega byri og um síðir bar hann að Íslandi. Fær hann þá að sjá landið mjög fjallhátt og fannir um víða. Siglir ei síður því djarflega að landi. Gekk á land með fylgd sinni og skoðar landslag og finnur allt sem Naddoddur hönum frá sagt hafði. Og að öllu svo hugleiddu sigldi Ingólfur jafnsnöggt frá landi og heim í Noregi austur og sótti sína kvinnu og börn, hjú og búsmala, vini og nákomna menn og hélt til Íslands og fékk farsæla reisu. Og voru alls innan borðs að tölu 24 menn, af hvörjum að kom mikill fjöldi fólks

með tíðinni, fyrir Guðs náð og almætti, og þentu kónginum í Noregi með hollustu og undirgefni og gáfu hönum árlega skatt og skyldur.

Nær þeir norsku menn höfðu svo fest sinn fót á Íslandi og héldu gott grannalag hvör við annan, sem frómum vinum og nábúum sómir, gjörðu þeir árlega sigling til Noregs og versluðu þar sínu góssi fyrir aðra útlenska vöru, og eflidist svo hvör sem lukkan léntist. Síðan leituðu þeir víðara út um höf með sitt góss í allar áttir sem þangað til var óvenjulegt. Um síðir fundu þeir Hvítserk á Grænlandi, eitt hátt og mikið fjall, sem oftast er dimmt tilsýndar af þokumuggu, með hvörri það fjall er tíðast um drifið. En þeir liðu af stormum og ísreki stóra hættu og komu í margar og miklar mannraunir í sínum sjóferðum, fyrr en þeir gátu landi náð. Hvað um síðir þó skeði hvar inni þeir fundu góðar hafnir og vörpuðu þar út sínu akkeri, fóru til lands. Þar litu þeir hraun og há fjöll allt um kring, fiskurinn óð uppi á fjörðunum, allt inn til hafna þar sem þeirra skip lágu. Þar sáu þeir mikla mergð sela, hnísur, hámeysjar og margslags hvalakyn, af sumu þeir glöddust en af sumu þeir skelfdust, því þeir áður fyrr voru ei til slíks vanir. Þennan stað í landinu álitu þeir bjargræðissaman vera og til auðgunar útsjá, þó ómak með fylgdi. Síðan héldu þeir þaðan frá landi og til Noregs. Þeir sögðu kóngi slíkt sem skeð var og öðru landsfólki. Kónginum og öllum í hans ríki þóknuðust þessi tíðindi harla vel.

4. kap.

Á því ári, nær eð skrifaðist 787, sendi kóngurinn skip frá Noregi en þeirra fyrirliði var einn kostulegur gamall maður sá er hét Eiríkur rauði. Hann vogaði til að ferðast þessa reisu og margir finir menn völdust með hönum að hætta uppá líf og lukku. Og sem leið að miðju sumri og jukust blíðviðri, gjörði Eiríkur sig með sínu fylgdarliði ferðbúinn og tók sína kvinnu, börn og góss, ásamt þeim fleirum er í hans ferð voru, og virtu ekki fyrir sér hvör háski að við lá. Þeir fengu gott byrleiði og komu um síðir í Grænland. Fór síðan með sínu föruneyti til lands. Hófu strax að byggja sér bæ og bólstað og að næra sig eftir þess staðar háttalagi og færi til gafst. Og með því landið bar lítinn ávöxt og fá gæði, tíðkuðu þeir veiðiskap til sjóar, og þar af um síðir mjög auðguðust. Síðan hófu fleiri úr Noregi árlega þangað sigling að tíðka, þeir eð allra handa vöru með sér höfðu í móti grænlenskum varningi. Lagðist svo skattur á landið um síðir.

Líða nú svo tímar fram þar til fólkið margfaldaðist mjög, og tók þá til að vera næringarskortur stór þeirra á meðal. Tók sig þá saman mikill fjöldi manna að útrýma sig víðar um landið. Fóru svo yfir fjöll og djúpa dali, yfir veiðiár og vötn mikil, og eftir sóttu hvar hentugast mundi byggð að setja og bjargræði öðlast. Komu þeir um síðir undir fjöll mikil, hvar um kring lágu miklar merkur og af veiðiskap harla gagnlegar. Þar nálægt lágu fögur haglendi, grænar heiðar og gróin engi og með þvílíkum blóma. Sáu þeir mikið víðlendi. Í þessum stað stöðvuðu þeir ferð sína og litu vænt mundi þar að dveljast og byggðir setja. Byggðu þeir þar svo stór hús og sterklega bæi og iðkuðu sig í daglegu erfiði eftir því sem þar til hlýddi og gjörðu árlega jarðaryrkju og gagnnýttu sér landsins gæði eftir hentugleikum.

5. kap.

Síðan eftir útlenskri vísu byggðu þeir sér eitt kauptún, hvörn stað þeir kölluðu í Görðum og stiftuðu þar inni eina kauptorg, á hvörri seljast skyldi allra handa nauðsynlegt almúganum sem að bjuggu innan staðar og þar um kring í þorpum og bæjum.

Þess er og getið enn framvegis að þessara manna börn og eftirkomendur hafi útvíkkað (aukið) sínar byggðir og landamerki í landinu, og að þeim hafi sá þeirra ásetningur, framkvæmd og ómak, vel lukkast. Og að þeirra byggðir og umsveifl hafi í breidd og í lengd mikið víðlendi inntekið í landinu, hvað verið hafi sá mesti hluti efra landsins í þeim stað, og að hvör hafi nært sig vel eftir efnunum.

Síðan byggðu þeir sér einn annan stað, hvörn þeir létu Alba heita. Þar inni settu þeir allra handa kaupskap og bjuggu þar vel um sig. Fyrirsettu staðarins innbyggjurum lögmál, eftir hvörju að sérhvör skyldi af staðarins og landsins innbyggjurum sér haga og hegða til alls framferðis.

Og þegar guðsorð og kristileg trú upphóf þeirra á meðal að blómgast, vaxa og margfaldast, þá byggðu þeir sér eitt klaustur niður við sjóarströndina, þeim almáttuga himneska Guði og dýrðarinnar konungi til vegsemdar, dýrðar og æru, og í minning þess heilaga Krists postula, sankti Thomas, og stiftuðu þar til sókn og söfnuð. Og er þess getið að það sama klaustur standi þar enn nú til sýnis.

Þeir skrifa nú og fyrir satt halda að Grænland sé hundrað sinnum stærra en vorir norskir hafa meint og haldið, og að þar búi fólk allt um kring, hvört fyrir sig, undir sínu eigin veldi og herradæmi sem norskir fyrr meir ekkert af vissu, og að það grendsi vestur til Ameríka með sínum fullkomnum mektugleika.

Menn vilja og segja, og eru margir í þeirri meiningu, að Grænlands ystri partur sé ein grein eður kvísl af Asía sem strekki sig frá Rússía hinni hvítu. En norskir menn sem siglt hafa þessa grænlenka sjóleið hafa haldið Grænland að vera eina ö eður umflotið eyland, svo sem merkja má að satt muni vera eftir þeim kunnugskap er engelskir menn hafa á margan hátt og nákvæmlega þar um fengið.

Fyrir austan Ameríka er Jaktmannssund en þar austur frá er land með háum fjöllum. En hvört það sé Grænland vita menn ekki, hvað þó nokkrir halda. Þetta land finnst mjög langt á einn veginn, miklu framar en norskir forðum héldu Grænland að vera, sem að lá undir Noregis krúnu. Það kann vel vera en þó er það langt af þeirri leið sem grænlenkir fyrr byggðu og óvíst hvört byggt sé af þeirra eftirkomendum.

Fyrir austan Grænland er villihaf mikið og í landnorður Tröllbautaland, er svo kallast, en náir þó eigi til Asía. Þetta hafa margir fyrr meir girnast að reyna og hafa lagt þar uppá mikið erfiði og ómak og sett sig í stóran mannháska. Hvað þó hefur verið til forgefins svo öngvir hafa kunnað að finna þann rétta farveg eða komast til Tröllbautalands eður þess lands innbyggjurum í nánd, helst sakir dimmu og deyðanlegs kulda. Menn héldu forðum að í þessum stöðum væri öll tröll og þær leiðinlegustu og ógnarlegustu ókindur sem til væri í heiminum, og sá guð sem yfir þeim drottnar ríki þar með ærnu fé gulls og silfurs. Skrifað er að Gormar kóngur, sem réð fyrir Danmörk, sá eð kallaðist Gormar hinn gamli, hafi kostað miklu til þessarar ferðar til að

vita hið sannasta hér um. Hann sendi þangað Hallgeir og Þorkel, þeir eð þar náðu landi og urðu við margt skelfilegt varir, hvað allt sýnist undarlegt vera og frá allri mannlegri gegnd.

6. kap.

Þess er og getið að Haraldur kóngur hinn harðráði hafi og til reyna látið með miklum fékostnaði og ómaki að uppleita þessi norðurlönd, og lagði kapp á að vita hvað sannast væri um Grænland og þess landslag, hvör eð fyrr meir hafði sig vel reynt og forsökt Grikklandi, sem öngver norskir fyrr meir gjört höfðu. Og leist hönum minnkunarlegt vera að voga ekki í sínu eigin ríki og þar um kring að rannsaka, hvað að væri og ekki væri. Lét því tilreiða mörg skip með hvörjum hann sjálfur af hélt Noregi og vogaði þar til fjöru og fémunum að uppleita þetta Grænland og þess takmörk. Hann fékk góð byrleiði og hélt svo lengi í landnorður að mjög tók myrkva á þeirra leið. Ei síður hélt kóngur áfram þar til þeir mættu einu ógnarlegu hafsvelgi og þeir með stórri neyð fengu sér naumlega bjargað, og urðu svo aftur á heimleið að snúa. Þökkðu lukkunni að þeir þar frá með lífi leystust. Fundu svo hvörki lönd né staði svo að sá mektugi kóngur sem fyrr þvingaði allt Grikkland, Noreg og Danmörk til sjós og lands undir sitt vald, hlaut nú að rýma og renna og aldeilis undan láta. Hélt svo kóngur sínum skipastól heim til Noregis aftur og settist síðan um kyrrt í ríki sínu.

7. kap.

Síðan þar eftir að liðnum löngum tíma, í tíð sankti Ólafs kóns, tóku sér fyrir hendur nokkrir örlyndir sjókappar af Fríslandi að upp sigla norsk lönd og ríki, með því víða gekk spurn um lönd af gagnlausri reisu Haralds kóns, þá meintu þessir að þeir vildu æðri prís innleggja. Bjuggu þeir svo sína ferð með miklum fékostnaði. Héldu síðan í haf á sömu leið sem Haraldur kóngur fyrr gjört hafði og fundu allt á sama veg sem hann fyrr um greint hafði. Komu á fyrir þeim myrkviðri og miklar þokur, kuldar og knúsandi frost, stórbylgjur og ströng stormviðri, suddugt loft, svelgi hræðileg og svellandi rastir. Þeir heyrðu ýmislegar raddir, brak og bresti stóra, svo þeim fannst sem himinn og jörð væri laus og skjótt forganga mundi. Og af þessum undrum urðu þeir óttaslegnir. Einnin sáu þeir hafið hlaupa í snarkringlu, hvar af skipin rákust til baka og skjótt forgengu með fólki og öllu. Því nær sem eitt skip og þeir skipmenn sem þar voru inni ákölluðu þann almáttuga Guð mjög innilega og hétu fyrir sér og höfðu öll ráð í frammi sem þeim gafst náð til upp að finna, utan borðs og innan með akkeri og árum.

Og sem þanninn gekk nokkra stund kom upp úr afgrunni sjávarins mikið spýtandi vatnsfall svo að hin töpuðu skipin um veltust. Hugðu þeir að þeir mundu skjótt forganga. Þeir inn drógu sitt akkeri og létu svo reka sem vildi. En Guð almáttugur faðir kom þeim til hjálpar í þeirri stóru neyð og frelsaði þá. Bar þá svo í vestur og um síðir náðu landi og höfnum, þó ei sem best væri, hraun og há fjöll lágu mikil þar um kring við sjókantinn, svo sem einn náttúrlegur hringmúr væri í móti framandi óvinum. Þeir á hittu svo eitt annað innhlaup sem enn lengra inn náði í landið en sú fyrsta höfn er þeir á hittu. Og þar um kring sáu þeir byggð og bæi og illa luktandi kofa. Þar fundu þeir í jörðu mikið gull og silfur, hvar af þeir söfnuðu miklu til samans, og stóran

hluta þess fjár sem Þorkell hinn danski hafði fyrr eftir látið og þar af með flutt heim til Gormar kóngs. Þeir báru þar af stórbyrðir til skips, með mesta felmtri og flýtir, er þeir gátu með komist.

Nú er þar frá að segja að þeir sem í byggðinni bjuggu urðu hér við varir og kom hvör út af sínum kofa, bæði grimmir, stórir og leiðinlegir tilsýndar, með boga og örvar. Þeim fylgdu ólmir og stórir hundar. Þeir grenjuðu hátt og höfðu heitingar, hnykki og bendingar að vilja sín á þeim hefna. Veittu þeim harða eftirför með skeytum og slöngum. Komust hinir, þeir hinu kristnu, sem naumast til skips allir með sínar byrðar, að fráteknun þeim einum sem fyrir síns sjálfs seinleikasakir eftir varð úr þeirra liði. Þann gripu þeir senn sem hundar hrádýr. Slitu og rifu hann í sundur sín í milli. Skipmenn gjörðu þeim bendingar og veifur, hvað kveðjur þýða skyldi og ósk góðrar nætur. Þeir flýttu sínum akkerum á borð og gjörðu mestan hraða á ferð sinni er þeim var mögulegt. Héldu svo í haf, það beinasta frá landi er byrleiði gáfust. Komust svo hið bráðasta án manntjóns heim til sinna landa. Strax reistu þeir til Bremen og framsögðu alla tilburði sinnar ferðar og í hvörja neyð þeir hefðu ratað, frá fyrsta til síðasta. Þar entu þeir sitt heiti og útgáfu sína offran Guði og gjörðu sanna meðkenning fyrir klerkunum um sína sigling til lykta. Hvað strax varð upp ritað í eina bók á meðal annarra mektugra frægðarverka og hreystimanna athafna, hvörja skrift vér nú höfum handa í milli. Hér af má merkja að Asía á ekki skylt við Grænland, svo sem lærðra manna bækur þar um votta.

En hvörninn til hagist um Tröllbautaland er langt liggur til austurs og lengst og yst í norður frá Grænlandi, kunnum vér ekki að vita eður af nokkrum sanngjarnlegt að (segja) spyrja né heyra. Með það að öngvir nú voga sér þangað að reisa sakir ofbjóðanlegs kulda, storma, hafsvelgja, ótímanlegs lofts og myrkviðra, hvað allt vottar sig að það pláss sé sú ysta eyðimörk veraldar. Hvörsu langt það nái og hvörjir það land byggja, villifólk, tröll eða mennskir menn, veit vor tíð ekki af að segja. Þeir gömlu og heiðnu póetar hafa gjört sér þar um meining, að með því allt illt, strítt og stirt kemur úr norðurátt veraldar, sem öll heimsins ríki þrúgar og þvingar, að Satúrnus muni hafa niðurgrafið í þessari norðurátt sitt liggjandi fé og dýrmæt gersemi sem fæstir eða öngvir búa. Og segja að undir norðurodda himinsins hjólsáss liggi ein ey í dimmu og skugga myrkurs og nætur, hvar undarlegir andar og forynjur skulu hafa sína hvíld og aðsetur, sem þeir heiðnu spekingar kölluðu þá mektugu genii, og hvör maður í þann tíð hélt að vera sín forlög, og þaðan sendist út um allt jarðríkið til að fremja og framkvæma mektug verk og furðanlega hluti eftir því sem Guð vill þeim efni til léna, og að þessar skepnur (hvar þessi ríkdómur er í jörðu niður grafinn) eigi þar yfir að ráða, hvört sem það er í ám eður ósum, undir björgum eður bláklungrum. Og héldu svo þeir hinu gömlu að þessir jarðnesku pygmeer eður andar búi þar yfir og eigi þar vaktan og varðhöld á að hafa. Og þess vegna (og með því að slíkt var kennt og fyrir satt haldið) í gamalli tíð, hafa herrar og kóngar sent þangað sína sendiboða, mörg þvílík og önnur stórefni og höndlanir að útrétta. Og er skrifað að þeir hafi komið þaðan aftur og heim með mikið fé og ríkidæmi, sínum herrum til vilja, svo sem gamlar sagnabækur þar um glögglega votta.

8. kap.

Af Grænlandi og þeim norðarlegustu löndum sé frábærleg feikna frost og ofbjóðlegur kuldi, vottast af þeim harða hafis sem þaðan með norðan- og norðaustanvindum drífur uppá Ísland og

Noregi, hvörn forfarnir menn segja þar frjósa, bæði á landi og sjó. Og nær mild verða vorin og sumurin koma, þá losist hann og með norðanvindum og stórstraumum drífi svo frá landi og taki með sér allt það hann nemur, sem er klettur og klungur, skóga og sker, þar með dýr og hvítabirni og heldur þeirri leið sem vindar blása og straumar horfa. Og með það Ísland er svo nálægt kemur hann þrátt þar við land, einkum á norðaustur síðu landsins. Hönum fylgir oftlega mikill viðarreki með rótum og greinum, einnig stórir hvítabirnir, af hvörjum að fólk þess takmarks, líða oft töpun fjár og tjón á lífi. Og nær hann fyrir afl vindanna og straumanna á skerjum og útoddum sundur molast, verða þar af stórir dynkir, brak og brestir, svo að fjöllin eftir taka. Þar um vil ég ei meir skrifa því þeim þar búa er það nóg samlega kunnugt orðið. Og til Grænlands að reisa er þessi hafís og hans margfaldleiki í hafinu sú stærsta hindran og verður sú ferð þangað og sú gamla sjóleið að mestu aldeilis aflögð fyrir þess sakir.

Það er að merkja sem himinn og tími ásamt vindum og hafi, hafi nú umbreytt sér og sýni í mörgu aðra hegðan en fyrr meir í öld, og vottast það með þessu öfuglega ísreki sem og með fleiru öðru. Því að ef þennan ís ræki náttúrulega þá næði hann fyrst Ameríka sem þar er svo nálæg og fyrir vestan sjálf.

Ekki er nú meira né strangara vetrarfar en forðum var þegar norskir og íslenskir menn sigldu þangað, heldur langtum linara. Og ef svo nú væri sem þá, mundi menn þeirri venju við halda og þangað árlega sigla, einkum ef að væri til nokkurs góðs að vinna, svo höldum vær nú Grönland að vera það sem norskir forðum fundu eitt eyland í norðri, sem beygist til vesturs og það fólk og þess ætt var Noregis krúnu undirgefið. Af öðru Grænlandi vitum vér ekkert að segja.

9. kap.

Víkjum nú þar til máls aftur þar norskir höfðu fundið og víða byggt Grænland. Og enn þó misjafnt oftlega í þeirra sjóferðum tilfelli, létu þeir ei svo búið standa, heldur gjörðu árlega ferðir til Grænlands með allra handa vöru og landsins nauðþurft og sóttu þangað aftur grænlenzkan varning og þann skatt sem þeim bar Noregis kóngi að gjalda. Voru grænlenzskir svo í sínum blindleika og heiðni allt þar til að Noregi meðtók kristni. En þá keisari Karl Magnús kristnaði öll sín lönd og ríki þá kristnaði hann Vindland og Saxland. Síðan vildi hann kristna Danmörk og sendi Gautreki Danakóngi boðskap þar um. En Gautrekur kóngur með miklu ofbeldi dró út í hernað hönum á móti allt að Hamborgarelfu. Varð þá keisaranum ráðlagt að við hann ekkert stríð hefja skyldi.

Liðu svo tímar fram, allt þar til hans son Loðvík, sem Píus hét, kristnaði þann kóng í Danmörk sem hét Haraldur klakkur, og gjörði af Bremen eitt erkibiskupsdæmi, bæði yfir Danmörk og önnur ríki umhverfis, þar til þeir létu af sinni heiðinlegri villu. Í þann tíma var Grænland í aktan og álit hjá páfum og keisurum, svo langt var þá Grænlandsrykti runnið.

Annó 834 gaf páfinn og keisarinn, biskupinum Ansgaríó þegar hann fékk vald yfir Bremen, postulamakt yfir öllum norðurheimi til ystu endimarka. Og í því bréfi verða þau lönd nefnd hvört fyrir sig á meðal annarra, sem er Ísland, Grænland og Færeyjar, en danskir og norskir öktuðu það bréf að öngvu né þá rómversku herra í þann tíma. Þeir ásyndu það að þeir vildu

drottna yfir þeim. Þeir út ráku Harald klakk og þvinguðu þá kristnu í Danmörk og niður brutu kirkjuna, í hvörri Guðs þjónustugjörð var inni tíðkuð, hvar af þeir urðu enn meir og framar galdari og grimmhugaðri. Gjörðu svo bremskum ofsókn og þvingan, við hvörja þeir urðu upp frá þeim tíma aldrei rétt góðir. Og með því að bremskir voru sín í milli ósamþykkir og mishugaðir, fengu þeir litlu góðu til leiðar komið hjá þeim dönsku og norsku.

10. kap.

Liðu svo tímar fram lengi að allt stóð með sama hætti sem nú var getið, þar til sá almáttugi Guð, sem alla hluti færir og flytur í það besta lag, sendi Danmörk og Noregi þá réttu kristilegu trú og prestsembætti.

Annó 936 var sá kóngur í Noregi sem hét Ólafur Tryggvason er bæði hafði vald yfir Íslandi og Grænlandi. Hann meðtók þá heilögu skírn og kristilega trú í Englandi og veittist þess vegna hönum þar stór æra og virðing. Þar varð hönum skeinkt sú heilaga Biblía og margir lærðir menn sem hann trúlega tilstyrkja skyldu að framfylgja kristilegri trú í Noregis ríki. Varð hann þar svo til kóngrs tekinn og lét aflífa Hákon jarl. Fékk hann vald og stjórn yfir allri Noregi og með mikilli vandlætingu og stórri kostgæfni bauð fólkinu að meðtaka og halda þeirri kristilegu trú.

Síðan varð sleginn af Sveini kóngi í Danmörk, hvör eð eftir hans andlát kenndi og lét predika kristilega trú í allri Danmörk allra fyrst, og sendi lærða menn og presta til Íslands, Guðs heilaga nafns kynning þar að auglýsa. Og nær þetta skeði skrifaðist frá Herrans hingaðburði 1000 ár, og síðan þar eftir, annó 1014, andaðist Sveinn kóngur. Strax létu norskir illa við að gefa sinn skatt til Danmerkur. Kusu því sankti Ólaf hinn digra til kóngrs, sá eð var einn vel kristinn maður og góður riddari. Hann auglýsti og kunngjöra lét með allri alvöru vorn endurlausnara Jesúm Kristum með sinni forþénustu, þótt margir væri þeir sem mótstöðu, hvað með reynd sig auglýsti þegar að skrifaðist annó 1024, á hvörjum tíma hann missti líf og ríki. Féll þá Noregi undir kóng Knút í Danmörk ásamt öllum undirliggjandi löndum og eyjum.

Í þann tíma varð kenndur sá heilagi lærdómur á Grænlandi og mörgum heiðingja til Guðs snúið og kristilegrar trúar. En þó liðu þar tímar fram nokkrir, fyrr en biskupar urðu þangað sendir og aðrar ordentlegar kirkjureglur settar. En á meðan sú dvöl gjörðist voru þeim til skikkaðir feður og lærðir menn, tíð eftir tíð frá Noregi, sem þeim kenndu guðsótta og góða siðu. Á meðal hvörra var Eiríkur, einn merkilegur maður sem daglega kostgæfði Guðs dýrð og dásemdir að auglýsa, bæði með verki og orðum. Samt fékk kristileg kirkja ekki aldeilis sinn framgang á meðan að svo stóð, því almúginn gjörðist prestunum mótbær og þvingaði þá með sínu ofbeldi og þrísuðu sinn gamla vana. Þó urðu þau tíðindi víða um flutt að Grænland hefði meðtekið kristilega trú, hvar við Þýskaland sig mjög gladdi. Þeir af Bremen upp teiknuðu slíkt í sínar kirkjubækur, hvílíka náð að Guð himneskur faðir hefði Grönlandi auðsýnt. Sá norski kóngur, sem landinu skyldi verndan gjöra, varð sleginn sem fyrr var nefnt og féll ríkið svo í vald danskra, hvörjum að Grænland þótti sér of fjarlæggt liggja.

11. kap.

Þess er getið að margt fólk hefur út dregið í hernað með Haraldi harðráða til Englands. Þeirra kóngur var í þann tíma af danskri ætt, sá eð Haraldur hét Guðinason. Hann sló Harald harðráða og Þorstein og mestan part þeirra herliðs með mörgum frægum höfðingjum annó 1065, svo að norskir þeir eð eftir lifðu hlutu að víkja.

Á þessu ári gekk England undir Danmörk sem henni hafði undirgefið verið í tvö ár. Þeir höfðingjar sem úr slaginu undan komust, saman bundu sig í eitt ráð til samþykkilegrar einingar innbyrðis sín á milli. Þeir eð hugsuðu svo með sér að þeir mundu fá spott og minnkun af sínum ósigri nær þeir heim kæmi aftur í Noregi, og því ásettu sér að sigla í önnur lönd en ei strax heim til Noregis.

Í þann tíma bjó út á Íslandi einn merkilegur maður sá eð Haraldur hinn svarti hét. Hann átti sér þann son er Goðriði hét. Þennan tóku þeir sér við hönd og sigldu með hönum vestur í haf. Hann var ágætur herra. Þar í hafi fyrir vestan Skotland liggja ágætar eyjar, sumar af þeim voru í eyði. Þær voru að tölu 84 og var lítið bil þeirra í milli. Þeir hinu gömlu forðum kölluðu þær Hebrides. Í einni þessari ey bjó sá höfðingi er ogsvo Goðriði hét, sá eð var sonur Syrichs kóns. Hann fagnaði þeim öllum vel og nær þeir höfðu hugleitt gæði þessara eyja fóru þeir burt þaðan aftur. Og síðan, nær þeirra kóngur var látinn, komu þeir þangað aftur, slógu fólkið og settu þar svo sínar byggðir og tóku landið inn með makt.

Skoskir menn sem að voru þeirra nágrannar veittu þeim stóra þvingan og hömluðu þeim siglingar að tíðka og kúguðu þá svo hart að þeir við líftjón voguðu ekki að hafa utan trésaum í sínum skipum. Og með því að þeir svo undan létu vægðu þeir eyjunum. Þeir juku svo sína makt með tíðinni og stiftuðu þar ríki, kórónu og kóngssæti um síðir og héldu því í langa tíma með heiðri og æru. Og með því þeir voru af ættum Norðmanna þá meðkenndu þeir þá göfugu Noregis kónga fyrir sína höfðingja og ypparlega herra.

12. kap.

Magnús kóngur af Noregi, sem kallaður var berfótur, hann hélt sínum herskipaflota einn tíma til þessara eyja og inntók þær allar með skyndilegri hermakt og kom skoskum til að halda frið við eyjamenn.

Til Írlands sendi hann sína óhreina skó og bauð þeim írska kónsi að bera þá á sjálfan jóladaginn í sinni mestri hoffrakt og kónglegri prakt, svo að hann skyldi þekkja og viðurkenna að hefði sitt ríki og mektugheit af Noregis og eyjanna konungi. En þeim írlensku herrum ásamt almúganum misþóknaðist þetta mjög. En kóngurinn sem að athugaði sín efni, meðtók þetta fyrir gott, segjandi að sér og öllum landsins innbyggjurum væri kónsins þvílíkt tilboð og maktartilsögn gagnlegri en hergangur yfir lönd og lýði. Og nær Magnús kóngur spyr þess írska kóns þvílíkt viturlegt andsvar, þá gleðst hann þar við, segjandi að svo mundi hvör virt hafa sem vitur er, nær hann fengi hugleitt annars ofurmakt og hermegni.

Gjörðu kóngarnir síðan frið og góða forlíkun með sér með svörnum eiðum. Sá írski trúlofaði dóttur sína elskulega syni þess norska kóns, Sigurði Magnússyni. Síðan gjörði sá skoski

kóngur frið við Magnús kóng, játandi sig og allt sitt ríki með öllum um kring liggjandi eyjum, undir Noregis kóngrs trón og kórónu, til eignandi svo hönum frá Grænlandi og allt umhverfis, lönd og höf, allt til Írlands með eyjum og útskerjum. Og þar var Noregi í sínum fegursta blóma og öndugi, hvörs líki í þann tíma ekki var í Norðurálfu veraldar, hvað makt og veldi áhrærir. En guðsorð og kristileg skikkun forjók sig daglega fyrir Guðs náð og miskunnsemi, sem varðveitti sína kirkju frá allra grimmra trúlausra týranna yfirgangi og lét hana vaxa á meðal vopna og hertygja, svo sem liljur í grönu engi. Já, guðsorð út barst í allar áttir um eyjar og lönd sem lágu undir þá norsku kórónu.

Og Eiríkur biskup á Grænlandi og Vindlandi, annó 1121, plantaði þá heilögu trú og kristilegan söfnuð er síðan hefur við makt haldist. Guð göfgaði ríkið enn framar svo að þeirra kirkjur lágu til Danmerkur undir Skáneyjarerkebiskupsdæmi. Annó 1151 fengu þeir í Þrándheim af páfanum bréf með innsiglum, að þeirra biskup skyldi verða erkibiskup yfir öllum öðrum undir Noregis krónu. Sá hinn sami biskup, Jón að nafni, var til erkibiskup vígður af páfans kardinál, þeim er Níels hét, og mikið umdæmi, renta og réttugheit fyrirsögð og kröftuglega á hendur falið að forauka Guðs kirkju og kristindóm. Sá hinn sami biskup Jón sendi um vorið strax út til Grönlands einn vellærðan mann, Eirek að nafni, sá eð sitja skyldi í Görðum á Grænlandi. Hönum gaf hann biskupsstaf og mítur og til skikkaði hönum árlega rentu, tolla og tíundir og að hann skyldi þéna undir Þrándheimsstifti.

Þessi biskup Eirekur stóð vel og trúlega í sínu embætti og með blíðlegasta hætti (fyrir heilags anda ástgjöf) predikaði guðsorð fyrir almúganum og fékk með snillilegri og auðmjúkri umgengni og fortölu lokkað fólkið til Guðs, kristilegrar umgengni og iðrunar, sem fyrr með makt ei varð þvingað, og lifði í sínum vesaldómi sem vitlausar og viðbjóðlegar skepnur. Þeir eð komu út af sínum illa luktandi hyttum og hóbýlum, óþrifnir og ógeðlegir ásýndar, með sínar berhöfðaðar konur sem báru sín börn á brjóstum, svo það var bæði grátlegt og gleðilegt að sjá hvörnin að geð og grófheit þess fólks á striddust. Þar saman safnaðist mikill flokkur þess auma fólks umkring þennan biskup Eirek að heyra hans fagra kenning og lestur, og voru í sínum selskinnskuflum að sjá sem selar væri. Þeir lögðu sín eyru vel til og með mestu gaumgæfni á hlýddu þá ræðu, að vér fyrir Jesú Kristi forþénustu kynnum öðlast eitt eilíft dýrðarríki eftir þetta auma og vesala líf, og megum umgangast og vera fyrir Guðs augliti ásamt hans heilögu englum og útvöldum í eilífri himneskri sælu, á hvörri að verður enginn endir. Og að þeirri kenning svo framsagðri, gladdist það auma fólk þar við og fékk innilegan fögnuð, hvör í sitt hjarta, af hvörjum þeir umventust til iðrunar og grétu beisklega sínar misgjörðir. Lofuðu bót og betran og hétu að gefa Guði almáttugum dýrð, heiðran og lofgjörð og meðtaka þá kristilegu trú og báðu biskup Eirek hjá sér sem lengst að dvelja, sem Guð sjálfur það leyfa vildi, og lofuðu hönum sinni skyldugri hlýðni og pliktugri auðsveipni, og hönum að veita tilbærilega æru og virðing, svo hann í alla staði skyldi með nægjast, og uppheldi hafa eftir þess lands vísu, hvað þeir og sæmilega entu, eftir því sem Guð gaf þeim efling og efni þar til. Svo þeir offruðu hönum á altarið, kjöti, fiski, selfleski, hvítum og dýrmætum dýrahornum, kyrtlum og skyrtum með sinum saumað, og margslags skinnavöru. Og allt var það af því hinu besta er þeir áttu til í sinni eigu. Hér yfir undraðist biskupinn stórlega mjög hvílíkan kraft og dásamlega verkan að guðsorð haft hafði og auðsýnt á svo stuttum tíma á meðal þess auma fólks er áður var forblindað og

niðursokkið í sinni vonsku og argasta galinskap. Biskup Eirekur lofaði þeim með handsölum sinni trúlegri meðvist svo lengi hann til entist og staðfesti það með svörnum eiði.

13. kap.

Svo varð biskup Eirekur og hans sæti þar staðfast í Garðabý, sem landið var vænst og best, og hvör mátti þar helst sína höndlan hafa. Síðan sendust þangað frá Noregi prestar og messudjáknar, þeir eð um landið fóru, predikuðu og kenndu guðsorð í hvörjum vinkli og krá landsins, svo langt og breitt sem byggðir náðu, þar til að allir voru kristnir og rétttrúaðir orðnir.

Þetta Guðs jarðteikn varð með bréfum birt og auglýst páfanum í Róm í bráðustu sendiför frá Noregis kóngi og erkibiskupi, að Guð hefði sína kirkju stiftað að nýju á meðal villtra og vanvitugra heiðinna þjóða, hvar við allur kristindómurinn, sem það heyrði, mjög gladdist, lofandi Guð innilega, er sinna aumra skepna svo miskunnsamlega vitjað hefði. Svo varð Grænland, með biskupi og stigi, inn teiknað í rómverskar bækur og staðfest við rétta kristilega orðu og skikkun, og inn fært undir allan erkibiskupsrétt af Þrándheim, sem var undir biskup Jón, er fyrr var um getið, þeirri rómversku kirkju til heiðurs og virðingar.

Þessi biskup Jón, svo sem einn kær faðir yfir Noregis ríki með Hjaltlandi, Færeyjum og Grænlandi, sem og með vestureyjum öllum, setti þau andlegu lög og réttindi þar inn, sem lengi og vel haldast skyldi. Hvörninn biskups orða og skikkanir skyldu undir Þrándheimskirkju liggja jafnan þaðan í frá, en landið gjörvallt með pliktugri undirgefni, skatti og skyldum, undir Noregiskóng og krónu, vald og regimente.

Í þann tíma tíðkaðist árlega sigling frá Noregi til Grænlands, svo að þangað bárust kristilegir siðir með andlegri kenning sem klerkarnir viðfrægðu svo þangað, sem og um önnur frálauð lönd og eyjar. Sá frómi biskup á Grænlandi vogaði sér stundum þar í milli, nær klerkarnir héldu mót með sér, og lét ekki sig skelfa háskasamlegt, heldur ásetti sér miklu framfarar, með hreysti og hugþryði, Guði æðstum og kristilegu yfirvaldi að geðjast. Og þess vegna vogaði lífi og blóði svo að guðsorð mætti framgang öðlast og manneskjan sálhjálpina. Hann afrekaði í Noregi, presta og djákna, og lét með allri kostgæfni byggja kirkjur á Grænlandi, með innbyggjaranna styrk og samþykki, þeir eð fúslega þar til sjálfir lögðu bæði ómak og kostnað, og útvöldu þar til þau allra vænstu pláss í landinu og fólkinu hentugustu. Urðu þar svo margar kirkjur með tíðinni uppreistar með fögru formi og smíði og með sterklegum grjótveggjum.

Í þann tíma byggðist ásamt þeim Saltfellskirkja á Grænlandi og Serknfeskirkja, Villivallakirkja, Amasskirkja, Vogakirkja, Lindarkirkja og mörg nunnuklaustur. Og enn þó að þessar kirkjur væri ei með stóru veraldlegu þrjáli innan þrýddar, samt lét Guð sér þóknast, sá eð ei skeytir heimsins hofrækt, þar inni tilbeðinn að verða. Þannin lét Drottinn sína föðurlega mildi og miskunnsemi, náð og gæsku, skína og ljóma yfir allt Grænland. Og fyrir verkan síns heilaga anda, sakramentis og kenning síns heilaga evangeli, og fékk svo dýrlega áunnið að þau stórkostlegu hjörtu urðu linuð, mykt og klökk gjörð. Og lét þeirra kristilegt nafn um allan kristindóm út berast, svo að margir herrar og höfðingjar, andlegar stéttar og veraldlegar, ræddu oftlega um Grænland, enn þó að það væri langt burtu og fjarlegir sjóvegir þangað, og um þá náð sem Guð hefði því auðsýnt og þess vegna elskuðu það. Og svo varð það opinbert að

nálega vissi hvör maður um Grænland að tala og frá þess örnefnum að segja, bæði fjarða, sunða, víka, hafna og ýmislegra fjalla með sínum eiginlegum nöfnum sem víða sendist afmálað.

14. kap.

Inniheldur um örnefni landsins. Fyrst um fjarðaheiti.

Í Grænlandi eru margir firðir, og nokkrir af þeim svo heita sem hver eftir fylgir: Eiríksfjörður, Breiðafjörður, Skagafjörður, Meyfjörður, Einvarðsfjörður, Lónþaranáðir, Skagi, Bjargarfjörður, Lönd, Ísafjörður, Hanafjörður, Alúnbaksfjörður. Vestur á landinu Avars og Nicefjarðarflóð. Norðvestur á landinu er Fiskifjarðarmynni en fyrir norðan er Fiðurfjörður og Dýrafjörður. Fyrir sunnan er sá víði og langi Þórfjörður og Bæjarfjörður, hvar inni að er mikið djúp. Þar nefnist og Lambretssund og Fossasund með mörgum víkum þar inni og örnefnum. Þar með Ytrivík og Innrivík, Pétursvík og Vassavík, hvar inni að er mjög háskasamlegt. Þá er Frændbúðahöfn og Kirkjuhöfn og aðrar fleiri hvör með sínu nafni.

Nú eftir fylgir nokkurra fjalla heiti. Suður á landinu er Chonfjall og Hanafjallsás, Gígjufjall og Mundarfjall. Í suðvestur liggur það háa Trinfjall, Affjall, Húnafjall og Diaverfjall. Þar inni eru hraun og hellrar, gil og hryggir sem í vestur útstrekkja sig. Í norðvestri er Hitufjall en í norður er Skaden og Rotsfjall, Náfjall og fleiri önnur. Þar inni er og eitt nes sem kallast Herjoldsnes, þar með mörg rif, jöklar og ófærur sem menn enn nú aldrei hafa yfir farið.

Þess er og getið að á fyrri dögum hafi verið á Grænlandi einn sérdeilis út af fyrir sig vel uppbyggður kóngsgarður sem á Fossi nefndist. Þangað áttu landbúarnir að flytja kóngana tilbærileg réttugheit, sem er skatta og skyldur allar. Og þó þessu sé nú gleymt, þá útvisar gömul skrift að svo í sannleika verið hafi. En ef svo félli að Guð léti Grönland enn nú aftur að nýju upp dagast, kannski að margt nú hulið, þá augljóst yrði, um gamla skikkan landsins og annað þvílíkt. Svo heyrum vér nú hvörnin Guð blessaður hefur náðuglega höndlað við Grönland og þess innbyggjara, þar hann hefur gefið þeim síns heilags nafns kynning, og þar fyrir, hefur látið það land reiknast í tölu annarra kristinna landa.

Þess er getið að hvað nýtt sem norskir kóngar eða klerkar höfðu fyrir hendi forðum daga, strax hafi þeir með fyrstu vorsigling þeim grænlensku það með bréfum kunngjöra látið. Eður þá mót skyldi haldast með klerkum í Noregi, senn létu Grönlands biskupar sig þeim ásamt þar finna að sitja í Þrándheim, dóma og kapitula um öll þau mál sem til féllu í Noregis kóngríki, á meðal lærðra og leikra eða hvaða skikkanir sem gjörast skyldi, bæði um kirkjur, altari, prestana, skírnaembætti og predikunarháttalag, svo að ekkert klögumál yrði í ríkinu um nokkra vanskikkan eður óorðning. Kannski að þetta liggi enn glöggvara upp teiknað í Garðabý og kirkju en norskir hafa fyrr meir upp skrifað.

15. kap.

Þegar að skrifaðist, annó 1198, sigldi Eirekur biskup með öðrum tveimur biskupum til Íslands, ásamt öðrum fleirum klerkum, til þess að inn setja lög og landsskikkanir í löglega orðu og

kristilegt háttalag um sérhvört aðgreint efni. Í þann tíma varð fyrst fundað og stíftað, fyrir guðlega umþenking, Helgafellsklaustur.

Annó 1146 deyði Eirekur biskup í sótt á Grænlandi og varð greftraður í Garðabý. Í hans stað varð þangað aftur sendur Arildur biskup, sá eð í Þrándheim varð vígður til biskups af erkibiskupnum Eysteini, sá eð kom eftir biskup Jón sem þar var fyrir stuttu andaður. Sá Eysteinn erkibiskup fékk vel með Guðs fulltingi guðsorð kennt og víðfrægt undir Noregis krónu í langa tíma á meðan hans stjórnartími yfirstóð. Hann lét byggja margar kirkjur og gjörði sterk mótmæli öllum þeim er sig upp setja vildu í gegn Guðs heilaga orði. Hann var einn vitur, snillilegur, vel sinnaður og siðgóður herra og kom öllu í gott lag. Hvað nokkra stund með góðri lukku og farsæld við hélst, þar til sú ólukka tilföll í ríkinu að Hákon herðabreiður í hel sló Inga kóng 1155. Hvörn Hákon að sá göfugi höfðingi, Erlingur skakki, í hel sló aftur á Steinvogum annó 1157, og síðan stundaði eftir ríkinu og kóngstigninni. Þessi Erlingur lét sig merkja að sér lítt félli að klerkarnir hefði svo mikla inntekt og að þeir ættu yfir öllum tilfallandi sökum og misbrotum sérhvörs manns að (dæma) segja. Hann ferðaðist einn tíma heiman og fann biskupa í Bjargvin og talaði erkibiskupinum Eysteini harðlega til þar um. Erkibiskupinn andsvaraði hönum þar uppá, eftir því sem hönum náð til gafst af Drottni, segjandi: „Það hæfir og ber einum og sérhvörjum kristnum manni að efla og styrkja kristilega kirkju en ekki að forminnka hennar inntekt, vald né virðingar.“ Hann sagði enn framar: „Þú veistu og manst hvörju þú lofaðir mér þegar ég samþykkti þig og hyltti til ríkisins, að þú vildir Guðs orð og hans nafnsdýrð víðfrægja og til framgangs aðstyrking gjöra.“

Síðan fékk Magnús, hans son, með aðstoð Valdemars kóns í Danmörk, þá norsku kórónu og féll þá allt eftir biskups Eysteins og klerkanna vilja um öll þeirra ásett efni, kirkna uppbygging og rentu. Og nær þessi tíðindi upp bárust, öll Noregi stæði samþykkilega eftir að vilja hafa Magnús sér fyrir kóng, og með því hann var af fátækri ætt, þá stóð hann fastlega eftir öllu kónglegu slekti í Noregi að granda og tortína og aldeilis að afmá. Þess vegna tók Gunnhildur sig í burt leynilega með son sinn Sverrir, sú eð var drottning Sigurðar kóns, og varð að hylja sig í hóbýlum fátækra manna. Og fyrir þann skuld, svo að enginn skyldi það í gruna, gifti hún sig, í þeirri sinni stóru neyð og flóttu, einum manni þeim er Unás hét. Og nær þar komst rymtur á í byggðir á meðal manna, vogaði hún eigi lengur við að standa í Noregi, heldur varð hún að rýma land og ríki með sínum manni og syni, og gáfu sig til skips og vissu ei hvað halda skyldi, utan hvað vindur vildi ráða og komust svo um síðir undir Færeyjar. Þar varð Unás smiður, maður hennar, einn mektugur mann, sá eð fyrr var einn bróðir. Varð síðan einn biskup.

Oft grét Gunnhildur drottning raunir sínar. Sverrir gekk svo til skóla og leið bæði kalt og heitt, blítt og strítt, svo sem fátækra börn oft reyna. Og svo ólst hann upp þar til hann komst til aldurs og ára undir lærdómshendi Hróa biskups á Færeyjum. Og enginn maður vissi þar annað en hann væri Unásson. Og nær Sverrir hafði numið bóklegar listir þá vildi biskupinn hafa vígt hann til prests. En Gunnhildur drottning hryggðist með sjálfri sér hér við en þó leynilega svo enginn merkja skyldi hvað sér í brjósti bjó. Sverrir formerkir það móðir hans er óglöð og sorgandi og segir til hennar: „Ég meinta móðir mín að þú mundir nú hér við eiga að gleðjast, þar mér tilfellur slík andleg lukka að verða einn klerkur og kennimaður“. „Ó, minn son“, segir hún, „ég meðkenni að sú æra er víst dýrleg, en ef þig rétt skyldi ske, þá bæri þér og sómdi með

rétta að bera Noregis kórónu, því þinn rétti faðir var Sigurður kóngur, en Magnús kóngur tók með makt og valdi fyrir okkur það ríki er þér eftir föður þinn með réttu tiheyroi“.

Sverrir stóð lengi í þögn og undraðist hér yfir, og enn þó hann væri hér til lítill í mætti samt vaknaði kónglegt hjarta í hönum, og kveðst ei þau umskipti gjöra mundi að byta Noregisríki í burt fyrir prestainntekt svo lengi sem sér yrði lífs auðið. Og í því sama kastaði hann af sér sínum klerkakyrtili og bók úr hendi og síðan reisti hann yfir að Noregi og fann landið ósamþykkt. Því að á milli Hákonar jarls og kóngsins var heimuglegt hatur, hvar af skeði mikil blóðsúthelling í ríkinu. Magnús kóngur stóð eftir fastlega að fyrirkoma allri kóngætt í Noregi, hvað hann ásyndi við Eystein kóng, hvörn hann í hel sló með þeim Birkibeinum mörgum, sem kóngættum voru svo tryggvir að þeir yfirgáfu bæði konur og börn, hús og garða og nutu öngrar rósemi né friðar. Urðu því að hylja sig í skógum úti, langt frá mannabyggðum, samt urðu þeir ei þvingaðir. Nær þeirra klæði slitnuðu og skóföt, flógu þeir börk af viðum og bundu um sig og sína fótleggi með þeim næfrum og voru því kallaðir Birkibeinar. Þeir hinu sömu afstöðu mörg harmkvæli og þöldu miklar mannraunir fyrir síns trúleika sakir fyrr en þeir vildu víkja frá sínum herrum. Og þeir Birkibeinar sem af komust og lifðu hylltu Sverrir Sigurðsson til kóngs og til styrktu hann að ná Noregis ríki.

Annó 1178 lagði Sverrir kóngur að velli Magnús kóng í því fylki er Sókn nefnist. Eysteinn erkibiskup kvíddi mjög þar við og skelkaðist. Þó varð hann að undirgefast Sverrir kóngi og þjóna undir hans valdi. Síðan sló Sverrir kóngur Kúlung, sem laug sig að vera af kóngætt kominn, og fékk svo eigin vald yfir Noregi. Annó 1177 gekk Grænland undir hans valdstjórn. Annó 1183 dó Eysteinn erkibiskup og var grafinn í Þrándheimi. Var þá annar kallaður í hans stað, Eirekur að nafni, frá Stafanga í Noregi, en þangað aftur settur annar að nafni Níels Árnason, sá eð var sannur hálfbróðir Inga kóngs. Þessi fyrrnefndur Eirekur fór svo til Róm og tók þar vígslu. Sverrir kóngur vildi rýra hans myndugheit og sakferli og þess vegna dró hann úr Noregi til Danmerkur og fann erkibiskup Absolon, hjá hvörjum hann síðan dvaldist. Síðan kusu norskir annan biskup í hans stað, sá eð Össur hét, sá eð ráða skyldi yfir Noregi og Grönlandi í andlegri stétt og gáfu hönum þann hæsta kirkjurétt, bæði yfir biskupum og prestum þar inni.

15. kap.²

Þegar að skrifaðist annó 1205, andaðist Sverrir kóngur og varð ærlega greftraður. Síðan tók kóngdóm eftir hann Hákon sonur hans. Um það skeið gjörðist Arildur biskup á Grænlandi mjög aldraður, þess vegna langaði hann mjög til Noregis, heim í sitt föðurland. Varð hönum þess vel unnt, bæði af andlegu og veraldlegu yfirvaldi, og linuðu svo hans langri armæðu. Senda hönum skrif að hann kæmi til Noregis, hvað og skeði. Varð hönum af öllum þar vel fagnað og að nýju stiftaður hönum einn biskupsstóll á Hamri í Noregi, hvar með hann vel nærðist.

² Í handritinu eru tveir kaflar merktir númer 15.

Á öðru ári þar eftir deyði Hákon kóngur og fékk veglega greftan. 1204. Voru þar margir af Noregis kónga ættum sem stóðu eftir ríkinu og kóngdóminum, hvör í sinn stað, hvað landinu varð til skaða vegna þess ófriðar sem þar af reis þeirra í milli.

Guttormur og Ingi stýrðu landinu ekki lengi og dauðinn heimsótti Hákon jarl. Síðan vildi Skúli jarl ná valdstjórn og einn son Inga kóns, sá eð Guttormur hét, Sigurður ribbungur og aðrir fleiri. En þann unga son Hákonar kóns girtust þeir allir að útrýma frá ríki og regimente. Og með því að svo styrjaldarsamlega til gekk í landinu, varð mikil blóðsúthelling þeirra á meðal svo að byggðir og bólstaðir víða eyddust og mikið hallæri og margt eymdarlegt gjörðist og til gekk í ríkinu.

Og nær landsherrarnir litu svo til óefna og mikils skaðlegs fyrir sér og almúganum á horfast, innsettu þeir öll þessi vandamál og landsins stærstu og viktugustu nauðsynjar fyrir Gunnar grjónbak, sem í þann tíma var lögmaður og einn bóndason, sá ei hirti um nokkurn hversu hár að ætt og veldi hann vera kunni, hvörki andlegrar né veraldlegrar stéttar, heldur eftir norsku lögmáli einarðlega dæmdi þann unga herra Hákon Hákonarson til sannrar og fullrar ríkisstjórnar yfir Noregi. Svo varð hann strax kjörinn og kallaður Noregis kóngur og Skúli jarl gaf hönum dóttur sína til ekta.

Liðu nú svo stundir fram að einn biskup tók embætti eftir annan, nær sumir frá féllu. Annó 1205 deyði biskup Jón á Grænlandi. Össur erkibiskup í Þrándheimi vígði þangað einn annan biskup aftur með sama nafni. Skammt þar eftir andaðist Össur erkibiskup í Þrándheimi og einn að nafni Þórður vígðist í hans stað.

16. kap.

Í þann tíma bárust þau tíðindi til Noregis að kóngurinn af Englandi hefði útbúið 500 skip í flota til Írlands og vægðarlaust yfir féll og undir sig lagði land og eyjar. Það skeði og að hann kom við Máney með sínum hernaði og þær fleiri eyjar er lágu undir Noregis krónu, hvar hann gjörði mjög mikinn skaða á fólki og fénaði. Þegar biskup Jón á Grænlandi það spurði tók hann hastarlega helsótt og í hans stað sendist aftur til Grænlands einn annar biskup, Helgi að nafni. Þórði erkibiskupnum í Þrándheim féllu og lítt þessi hertíðindi, hvör eð tók harða sótt og þar af deyði, annó 1210. Guttormur hét einn, sá eð tók erkibiskupsdæmi eftir biskup Þórð, einn guðhræddur maður og lifði í ellefu ár.

Eftir Guttorm erkibiskup kom sá til Þrándheims erkibiskupsstóls er Pétur hét. Í hans tíð gekk lukkulega og friðsamlega til bæði í Noregi og Grönlandi. Síðan byrjaðist stríð mikið á Orkneyjum með Ólafi kóngi og Goðriða og gjörði hvör öðrum óbætanlegan skaða. Svo lyktaði að Ólafur kóngur sló Goðriða í hel og vann svo allar vestureyjar með herskildi. Síðan sigldi Ólafur úr landi þaðan til Noregis á fund Hákonar, þess unga kóns í Noregi, og vildi taka eyjarnar til yfirráða af hans hendi. En Hákon kóngi mislíkaði við hann og vildi það ekki, heldur girtist sjálfur að hafa ráð yfir þeim. Þar var einn veglegur maður með kóngi sá eð hét Húsbakur Ámundsson. Þann útvaldi kóngur að hann í sinn stað skyldi kónglega yfirdrottinn hafa yfir Orkneyjum. Fór hann svo frá Noregi með mektugt herlið. Ólafur kóngur var með í ferðinni, mörgum norskum manni til lítils góða, því Húsbakur varð í hel sleginn í Botheyjum af Ólafi

kóngi og mikill her með hönum. Voru svo eyjarnar nokkra stund undir Ólafs kóns valdi, upp á Noregiskóns vegna þó ekki mjög lengi.

Í þann tíma sigldi biskup Helgi frá Grænlandi út til Íslands, sem Pétur erkibiskup í Þrándheim þangað sent hafði. Á öðru ári þar eftir andaðist Pétur erkibiskup. Eftir hann varð erkibiskup sá eð Þórður hét, sá eð ríkti í 4 ár. Eftir hann kom einn kostulegur maður sá eð Sigvarður hét. Hann með Noregis innbyggjurum öllum sór Hákonni kónsi trúnaðareid.

Síðan andaðist Ólafur kónsur að Orkneyjum en hans son, sá eð Haraldur hét, fór jafnskjótt á kóns fund með fagurmælum og auðmjúkri bæni að fá yfir eyjunum fullkomlegt vald í hans stað. Varð hönum þess vel unnt af kónsi og með innsigliðum bréfum styrkt og staðfest. Hann gjörðist með tíðinni einn ágætur og mektugur maður og hélt eyjunum undir Noregis krónu með styrkri vörn og hershendi. Allir unntu hönum hugástum er umgengni með hafði. Kónsurinn af Englandi hélt hönum við sig í göfugri vingan og gjörði sáttmála við hann, að hann skyldi hönum aldrei yfirfall veita. Í þann tíma hafði Hákon kónsur stýrt Noregi í 30 ár án ríkisspiru og kórónu.

17. kap.

Og fyrir þær sakir sendi Lúsíus páfi af Róm á fund Hákonar kóns, að rannsaka og forhöndla öll viktug efni Noregis krónu, sinn kardínal að nafni Vilhjálmi. Og af hönum tók Hákon bæði kórónu og kónsnafn og í þann tíma hélt sína krýning með viktugasta hætti, sem bæði langt og víða með miklum prís út barst og ræmdist, og ei hafði slík áður fyrr í Noregi haldin verið. Páfans sendiboða fylgdi þvílík góð réttarbót sem Noregi og Grönland hafði fyrr aldrei svo veglega öðlast.

Nær Haraldur á Orkneyjum spurði Noregis þvílíkt lukkusamlegt tilfelli í alla staði, og að kónsurinn Hákon í Noregi ætti eina ágæta, væna og vaxna dóttur, strax hneigðist hans hjarta til hennar og strax lét hann veglega útbúa mörg skip annó 1245, með veglegri fylgd og föruneysi og hélt þeim að Noregi, og hafði mikla forlenging að sjá jómfirna. Kónsur og drottning fögnuðu hönum mjög blíðlega og sú eðallega kónsdóttir ekki síst, þó hún þar leynilega (en þó loflega) með færi.

Hákon kónsur og drottning hans tóku vel hans ektamála upp byrjan og með ljúfum vilja þeirra elsku dóttur. Urðu þau trúlofuð og saman vígð og eitt sæmdarlegt og veglegt brúðkaup haldið og varð þeim ungu hjónum miklar gjafir gefnar. Skjótt bjuggust þau ungu hjón þaðan og heim. Fýsti þá margan ungan og stoltan svein með þeim að ferðast í framandi lönd að sjá hvörninn þar til staði. Fóru þau svo úr kónsins garði með dýrlegri fylgd riddara og meysa. Var þá alls konar skemmtan í frammi höfð. Kónsur og drottning fylgdu þeim ásamt þessum riddara- og meyjaskara til strandar. Og í þeirra skilnaði varð grátur mikill og kærar kveðjur. Stigu þau svo af bryggjum og til skips, lögðu frá landi og í haf. Senn upphófst mikið stormviðri með afbærri öldu og sjóólgri. Og svo óx veðrið með ákefð að ei varð stjórni né sigling við komið. Urðu því að flakka og flæmast víða fyrir stormi og stórsjó. Mikill grátur og harmur var þar innan skipsborðs fyrir sakir þeirrar sýnilegrar neyðar. Þá rak að grynningum í þann stað er Ráðland nefnist og þar forgengu öll skipin með fólki og öllu, svo þar komst ekki af einn maður. Og nær

kóngur og drottning, hennar elskulegir foreldrar, fengu slíka sorgarfregn að heyra, hörmuðu þau mjög þennan atburð ásamt öllum í landinu, bæði ríki og fátækum.

Síðan tók sá maður yfir eyjunum ráð er Haraldur hét, sonur Gautriðs kóngs, sá eð var hins ættmaður. En Hákon kóngur í Noregi misunnti hönum þess og tók hann til fanga og þvingaði hann. Og með þeim hætti endurgalt hönum svik við sinn herra. Í þann tíma er þetta skeði, spurðist það frá Grönlandi að biskup Helgi var andaður og sendu menn til Þrándheims og báðu Sigvarð biskup um einn annan í hans stað, sem vel væri fallinn til því líks andlegs embættis. Hvað hann og gjörði. Sendi hann þá þangað þann biskup er Níels <hét>, sem mjög vel þóknaðist landsins innbyggjurum, svo að allir fyrir sakir hans mjúklegrar og mildrar umgengni, elskuðu hann og höfðu hann í virðingum og heiðri og styrktu hann til víðar um landið orðið að víðfrægja, hvört þeir með fegins hendi ljúflega meðtóku, elskuðu og að hlýddu. Féll þeim því allt í þann tíma lukkusamlega, svo að Noregi og Grænland stóð þá í sínum fegursta blóma og allir höfðingjar í þann tíð héldu eitt með þeim í þessari norðurálfu heimsins.

Danmörk og Noregi bundu sáttmála sín í milli og gjörðu félagskap með sér um samheldi í móti beggja ríkjanna óvinum og hervíkings áföllum. Hákon kóngur staðfesti sína frændsemi við Eirek kóng í Danmörk þar ofan á, að hann gaf Magnús son sinn í ektaskap með dóttur hans, en Hákon hans eldri son giftist dóttur Birga jarls³ af Svíaríki, sú eð var bæði væn og ágæt. Hákonar kóngs í Noregi loflegt rykti barst víða um framandi lönd, hvar af hann komst í vinsæld stórmektugra herra og höfðingja. Þeir rómversku keisarar elskuðu hann mjög, en einkum og allra helst Fridrich sá annar.

Í þann tíma settu lýbskir sig í móti Noregi og gjörðu sig við þá í mörgu meinsama. Hákon kóngur í Noregi lét þessa þeirra ergju og óvinskap fyrir keisaranum í ljós. Keisarinn skrifaði kónginum til vinsamlega, þeim lýbsku og einninn, en þó reiðuglega, hvar með hann hét þeim hefndum ef þeir ei af létu og töpun sinna réttinda og fríheita, sem fyrr höfðu gjörst millum þeirra og þess rómverska ríkis. Til handa þeim norska kóngdómi og þetta mál að útrétta, sendi Hákon kóngur af Noregi til Vallands tvo kostulega herra, herra Ámunda hinn ríka og Askatin. Og sem þeir þar komu var Fridrich keisari afganginn, annó 1251. Hvar fyrir þeirra áform kom til ónýtis og varð þar um ei framar rætt.

Nálægt þessum tíma veiktist Sigvarður erkibiskup af Þrándheim og skömmum tíma þar eftir andaðist hann, hvar yfir kóngurinn mjög hryggðist því hann líkaði hann mjög og mjög kæran hafði í krýning og öðrum slíkum ríkisins viktugum efnum. Gekk og stóð hann kónginum jafnsíðis. Annó 1256 fékk Sörli það erkibiskupsdæmi aftur og konfirmats af þeim rómverska páfa yfir öllum klerkum Grænlands og Noregis.

18. kap.

Á þessu sama ári komu sendiboðar mektugir frá Spaníalandi til Hákonar kóngs í Noregi, frá kónginum Alfonsó þeim X^{da} með því nafni, sem eftir Vilhjálmi meðtók þá rómversku kórónu. Hann var vitur og vellærður herra og iðkaði sig mjög í bóklegum höfuðlistum, einkum í

³ Birger jarl.

himinshlaupi og stjörnulist, hvar af hann varð mjög víðfrægur sem og af miklum ríkdómi gulls, silfurs og dýrmætra gersema, sem átti meir en 40000 gyllini, en lét sig þó samt heyra að astra skyldi gjöra sér meir álit en allt það rómverska ríki með öllum sínum mektugleika, sem og skeði, að hann yfirgaf það rómverska ríki og setti sig niður við bók og penna og lét reikna og skrifa með miklu ómaki og kostgæfni kostulegar töflur og margt annað lærdómsrykti sem enn nú finnst hjá þeim lærðu af teiknað. Í sama máta höndlaði hann í læknisdómslist og kunnáttu af hvörjum hann ber mikinn prís og hefur þar með aukið stórt gagn og nytsemi á meðal allra, þar vér höfum nú hans vísdomsstykki og svo sem ávöxtu hans iðni á millum vorra handa.

Hann hafði þá drottning í sæng er Violenta hét, af Aragóníen, kóngs Jakobs dóttir, hins ágæta. Hún varð einn tíma hneykslisamlega vanryktuð fyrir hönum, svo hann þess vegna ásetti sér að fordrífa hana frá kónglegri hefð því hann meinti hana sannryktaða vera. Þessi kóngur var kominn af þeim gömlu Gautum og var í sinni art mjög ágætur. Þegar nú svo til gekk fyrir hans drottningu sem fyrr var nefnt, þá féll kónginum það til sinnis að vitnast um sín forlög. Því sendi hann sína sendiboða norður í Noregi til Hákonar kóngs að biðja dóttur hans Kristínar sér til handa. Kóngurinn tók vel þeim erindum og fól sína elskulegu dóttur Kristínu þeim herrum á hendur er til hans voru sendir. Og hvar þeir fram fóru á veginum varð þeim vel og sæmdarlega fagnað og síðan af kónginum Alfonsó.

En í þessum svifum auglýstist og bívísaðist drottningarinnar sakleysi svo kónginn angraði stórlega að hann hefði slíku trúað og straffaði þá harðlega er henni höfðu komið í slíkt lausungarorð og vanrykti. Svo tók kóngurinn hana aftur til erlegrar hjúskapssambúðar en gaf sínum bróður Filippus (sá eð var erkibiskup til Hispal) Kristínu, kóngs Hákonar dóttur, til ekta og vann það til hennar eðalegheita að hann gaf sig frá sínu andlegu embætti og giftist svo henni. Kóngurinn Alfonsus lét eitt veglegt brullaup tilreiða, svo þess er getið að í þann tíma hafi öngvir minnst fyrr hafi haldið verið þvílíkt brullaup í Spaníalandi. Alfonsus kóngur gaf kóngsdótturinni á brúðbekk eitt land með borgum og köstulum, í æru skenkt þar innan ríkja, sem nefnist Vallþyrnaland, og enn nú vitanlegt, og Aluam með fólki, góssi og allri innbyggð. Menn vilja halda að í þeim landsparti Spaníalands er Castel nefnist sé og finnist enn nú þeirra eðallig ætt. Nálægt þessum tíma afgekk erkibiskup Sörli til Þrándheim og kaus Agnar eftir sig til erkibiskups, sá eð staðfesti allan kirkjurétt yfir Grænland og Noregi sem fyrr.

Þeir eylendsku byrjuðu þá klamarí mikið í gegn Hákoní kóngi í Noregi, hvört eð var orðsök til hans afgangs. En þó hann yrði sótt dauður í þeirri ferð sem hann herjaði upp á Skotland, hvörjum hann gjörði mikinn skaða á fólki og fémunum. Hann setti þá þrjá kónga yfir eyjarnar. Nær hann sigldi frá Skotlandi til Orkneyja tók hann stríða helsótt og andaðist þar annó 1265, en til Bjargvin fluttur og grafinn. Þá féll með hönum og niður sé öll fyrri Noregis vegsemd og komst aldrei síðan í lag aftur.

Magnús, hans son, tók ríki og kóngdóm eftir hann. Hann var vitur og hygginn en þó enginn stríðsmaður og lét svo eyjarnar falla úr hendi sér. Hann gjörði við kónginn í Skotlandi þann sáttmála að hann skyldi ráða yfir þeim en gefa til Noregis á fyrsta ári 4ar merkur sterlings en síðan hvört ár ævinlega eitt hundrað merkur sterlings án allrar mótsagnar. Þó hélt hann Orkneyjum og Hjaltlandi frí sem fyrr, sem tilheyrir Noregi með réttu. Síðan lagði hann af leiðangur og hernað og aktaði engin riddaraspil né slíkar íþróttir, heldur tók sér lög og bók í

hönd. Hann umbætti Grágás sem Ólafur kóngur hafði útgefið og skrifa látið eftir því sem þá var tíð í landi. Hann skrifaði sínum jörlum þá norsku hirðskrá er danskir létu síðan prenta og ei er langt síðan nú í vorri tíð. Hann hugði að sér mundi létt veita ríkinu að stjórna með lögum og rétti þó hann væri ekki til stríðs. Nær hans öfundarmenn það sáu glöddust þeir þar yfir að bæði lönd og fólk sem í fjarlægð lá kæmi undan hans valdi. Biskup Niels á Grænlandi gekk af um þetta skeið en Agnar erkibiskup í Þrándheimi sendi þangað annan biskup, þann er Ólafur hét, sá eð á sinni reisu kom við hafnir hér á Íslandi og við þessa lands biskupa hafði margt að útrétta um kirknanna gagnsemdir, sem Agnar erkibiskup fyrir hann lagt hafði.

Biskup Magnús í Skálholti og Brandur á Hólum meðtóku hann kærlega og bundu með sér allir gott nágrannalag með svörnum eiðum. Svo sigldi hann til Grænlands og tókst allt vel á sinni reisu. Síðan byrjaðist óvild mikil meðal almúgans á Grænlandi, hvört sem þeir urðu biskupnum mótsnúnir eða það að hann hefur komið því inn hjá þeim að þeir afneituðu að gefa skatt til Noregis, svo að þau skip sem úr Noregis ríki þangað sendust komu tóm og liðug heim aftur igen.

Magnús kóngur skeytti því að öngvu og vildi ei við grænlenska stríð hefja, heldur fékk hann það efni allt í vald Eireki kóngi í Danmörk, mági sínum, að af hann vildi þar upp á voga nokkru mætti hann því ráða. En Eirekur gleppingur, sem svo kallaðist, fékk innlagt mikinn prís, hugleiðandi að ef hann léti þessa reisu til Grænlands falla niður, að bæði Danmörk og Noregi yrði það til minnkunar. Og með því Magnús kóngur í Noregi hafði til ekta frændkonu Eireks kóngs, þar fyrir þótti hönum mikið að börnin skyldi gjalda þeirra beggja forsómunar og Grænland skyldi falla úr ríkisins registri undir aðrar ættir.

19. kap.

Þetta áður nefnt íhugaði Eirekur kóngur og sendi því til Grænlands einn mektugan skipaflota vel útbúinn með vopnum og vörnum og miklu fjölmenni, annó 1264. Þeir héldu svo í haf í norðvestur og fengu gott byrleiði þar til þeir komu um síðir undir Grænland og hafnir þær hittu er sjálfir kusu. Strax gjörðu þeir landgang með miklum gný og ys, út slógu sínum merkjum. Og nær grænlenskir litu dregin sverð og heyrðu bumbur slegnar og annan þess háttar herlarm, fengu þeir mikinn kvíða og skelfilega forundran í sitt hjarta og ætluðu þvílíkt herglamm og bumbnaslög mundi vera einhvörs tröllslegar undranir og fádæmi er svo grimmilega létu, svo merkur, hólar og fjöll eftir tóku. Þess vegna voguðu ekki slíkum her í móti að stríða, gáfu sig svo þeim á hendur og báðu um grið og frið, svo vel biskup sem bæjamenn til allra landsins endimarka. Síðan unnu þeir eiða að sýna tryggð og trú, og að gjalda venjulegan skatt þaðan í frá til Danmerkurkrónu og að þekkja Eirek kóng í Danmörk fyrir sinn herra og kóng, hvörjum þeir játuðu allri tryggð og hollustu.

Síðan sigldu þeir heim með fröktuð skipin með farsællri reisu og komu í Danmörk og kynntu Eireki kóngi frá sinni ferð. Fagnaði hann þeirra heimkomu mjög og gladdist yfir þeirra velgengni. Fékk svo mági sínum, Magnúsi kóngi í Noregi, allan þann fjárhluta er hönum galst í skatt og skyldur frá Grænlandi, svo það stæði í rétttri orðu eftir gamalli venju og landið lægi undir Noregis krónu sem fyrr meir verið hafði, ásamt öðrum eyjum, svo að börn hans systur,

Ingibjargar drottningar í Noregi, fengu þess að njóta. Síðan sat Grönland með þögn án þrjósku og galt árlega sinn skatt til Noregis krónu án mótmælis þaðan í frá. Agnar erkibiskup í Þrándheimi andaðist eftir þetta svo gjört og lét eftir sig þann erkibiskup er Hákon hét, annó 1270.

Í þann tíma komu sorgarleg tíðindi sunnan yfir haf frá eyjunum, að kóngurinn í Skotlandi hefði með grimmu hersæði þær yfirfallið og gjört þar mikið manntjón, jafnvel þó þær væri undir hans valdstjórn, hvar um fyrr var getið, og foreyddi mest allri kóngætt þar inni sem í langa tíma eyjarnar byggt hafði.

Síðan andaðist Hákon erkibiskup í Þrándheim og lét eftir sig Níels erkibiskup eftir páfans bón og forlagi, annó 1271. Í þann tíma sem að skrifaðist, annó 1279, kom svo mikill og sterkur vetur að hafið lagði margar mílur undan landi, svo traustlega að þar yfir mátti ferðast sem yfir fast land. Og um vorið þegar loftið mýktist varð svo mikið ísrek að öngvir mundu fyrr þvílíkt, og ei síðan skeð hefur svo nokkrir minnst. Hann rak til Íslands með sunnanvindum. Á þeim ís voru margir hvítabirnir veiddir og þenktu menn að víst væri sá ís frá löndum kominn en ætluðu ekki að hann mundi á hafinu frosið hafa, og sigldu því í austur og norður að leita þau lönd upp sem þeir meintu ísinn frá vera en fundu þó engin. Komu í stórar raunir og hrepptu hafvillur og sum þeirra skip fórust með fólki og öllu og fundu engin lönd að heldur. Héldu svo heim aftur en héldu samt á því að fleiri lönd væri í norðri, sem og víst er, af hvörju vér fáum hugleitt að það er minnstur hluti heims sem oss er undirgefinn. Svo eru þar margir kimar og afdrep sem veraldarfólkið í mörg þúsund ár hefur eftir leitað og ekki fundið, með miklu ómaki án allrar þarfar og nauðsynja, því Guð kann að næra oss án meiri veraldar umhyggju, erfiðis og umsveifla. Það er svo að merkja sem menn vilji grípa og herja alla veröldina frá Guði og þau endimörk sem Guð vil ekki í té láta, og vilja hindra svo Guð í sínum leyndardómum.

Annó 1280 deyði Magnús kóngur í Noregi og var greftraður í Bjargvin en Eirekur sonur hans fékk kórónu og kóngdóm eftir hann. Herra Auðun hestkorn styrkti þar til að Eirekur kóngur fékk Ísabellam sér fyrir drottningu, annó 1281. Í þann tíma skrifaði Jón gelkir (eður gelgja) þá íslensku lögbók millum presta og almúgans. Þar með aðrar statútur og lögmætar skriftir. Þar segist og líka að þvílík lög hafi og skikkast til Grönlands, hvar þau skyldu og sinn framgang og makt hafa. Klerkadómurinn allur og þar í mót jarlar og fjölmenni alls aðalsins í Noregi, upphófu hatur og stórt klamarí sín í millum með gildum hótunarorðum upp á líf og góss nær þeir þar til fengi ráð og efni. Biskuparnir hryggðust hér við og klöguðu slíkt fyrir sjálfum Guði og færðu herrana í kirkjunnar bann og báðu Guð um að hann slíks hefna vildi. En Björn Erlendsson aktaði það að litlu og skeytti að öngvu prestanna reiði. Meinti að sín makt væri því öllu yfirsterkari. Hann upp æsti svo allan almúga og eðlalýð, að þeir með makt og hergrimmd skyldu þess hefna aftur á kennidóminum. Biskupunum ofbauð og misféll slíkt grannalag. Tóku sig því upp og drógu af landi burt í pílagrímsvísu, og kusu sér heldur að líða kross og mótgang þann allan sem Guð vildi þeim til sent hafa, en að hafa hjá guðsspotturum ríkdóm og vellysting og Guðs reiði og ógúnst.

Skömmu síðar féll svo til að þýskir fengu stríðstílefni við norska menn, þeir eð innféllu í landið og gjörðu mikinn skaða. En landsins innbyggjarar fylltust hatri sín á meðal. Hér við svignaði og veiktist mjög það norska kóngsríki. Þar með kom hvör ólukkan ofan á aðra. Herra Álfur

hinn mildi féll í morð og þar fyrir í kóngsins ónáð. Varð því úr landi að rýma og halda sig á skipum í sjó og framdi mikið ruhl og ránskap, morð og manndráp, og sýndi mörgum órétt og ofríki og komst þess vegna um síðir í voða og vandræði.

Einn greifi að nafni Jakob af Halllandi, sá eð var launsonur Eireks kóns í Danmörk, varð út drifinn frá landi og ríki. Faðir hans fékk hönum skip og fólk og einn mikinn kapp til hershöfðingja, sá eð Marstígur hét. Hann gjörði mikinn skaða í eyjunum, bæði á fólki og fémunum, þar til að danskir hefndu þess morðs og ráns sem þeir gjört höfðu þar og annarsstaðar, bæði greifinn og Marstígur. Þar með urðu þeir norsku ósamþykkir og kom víða að þeim stór mótþróun svo margir urðu til að slá uppá þá, svo það varð því lengur, því miður og verr, fyrir þeim. Um síðir ráku danskir herra Álf uppá grynningar í Eyrarsundi og meðtók þar sitt maklegt verðkaup fyrir rán og morð og varð steglaður hjá Helsingeyri, annó 1285. Og þegar norskir litu að slíkt og þvílíkt svo ólukkulega til féll, upphófu þeir að klagja sinn vanda og voðasamlegt tilstand og öngruðu sín afbrot, syndir og misgjörðir fyrir Guði. Settust í ösku og grétu ákafalega. Sendu þeir svo boð eftir sínum klerkum sem þeir höfðu áður fyrr út drifið og lofuðu bót og betran og sannri hlýðni. Og nær sem þeir svo umventu sér til Drottins, auðsýndi hann þeim sína náð og lét þeim til falla lukku og blessan, svo allt gekk þá farsællega til í ríkinu, öngvu síður en fyrr meir þá allra best hafði til gengið.

20. kap.

Síðan hófu norskir stríð við danska menn, hvört eð yfirstóð langvaranlega mjög og út alla ríkisstjórnartíð Eireks kóns og blygðuðust þá fyrir öngvum þjóðum þó þeir stríð og styrjöld við þá upp hefðu. Margur ágætur höfðingi og eðallegur kappi féll í því stríði af beggja hendi. Annó 1299 deyði Eirekur kóngur í Danmörk og tók ríkið eftir hann Hákon bróðir hans og Noregis krónu. Hann var einn ágætur og mjög mildur herra og lagaði alla hluti eftir föngum og færi, og sem efni til gáfust, ríkinu til hins besta.

Í þann tíma sat Jörundur erkibiskup í Þrándheimi. Þeir í Grænlandi höfðu misst margan biskup, hvörja þeir mjög treguðu og syrgðu, einkum þá sem hér hefur ei verið fyrr getið, sem voru þeir Berthilur og Gregoríus. Einnin Andrés, eftir hvörn að kom Torderus biskup, sá eð var einn ágætur maður.

Í þann tíma gjörðu skruggur og reiðarslög mikinn skaða allvíða. Þá afbrann Skálholtskirkja öldungis svo að fólkið naumlega af komst. Eftir það kom svo geysilegt stormviðri að öngvir þvílíkt mundu og ei fannst í nokkrum annálum um getið. Það var svo sterkt og ákaflegt að það blés það hvassasta niður af hvörjum fjalltind. Askan fauk víða um fjöll og heiðar. Menn hugsuðu að Guð mundi láta þvílíkt þess vegna yfir falla að þvinga og skelfa þar með illskufullan lýð, hvör eð lifði í ofstopa og ósvífni fyrir Guði og hvör annars á meðal. Þar eftir kom svo harður vetur að ísinn lá nær því allt árið í gegn áður en hann uppleysti.

Nú er þar af segja að nær Þórður biskup á Grænlandi hafði nú mest allt þar í lag fært eftir vild sinni, þá gjörði hann ferð sína til Noregis og hafði þar að höndla um landsins nauðsynjar fyrir kóngi og erkibiskupi. Þá var Jörundur erkibiskup nýlega afgenginn en Eilífur er til erkibiskups

tekinn í hans stað. Þeir meðtóku hann vel og sýndu hönum stóra æru og virðingar og buðu hönum að halda öll norsk kirkjulög og fengu hönum með sér bæði bækur og messuklerka.

Í þann tíma festi Hákon konungur af Noregi freikíuna⁴ af Rússía sér til drottningar, sú eð var af Rupinsætt, hvar fyrir að Hense-staðirnir í Þýskalandi gjörðu við Danmörk friðarsáttmála. Hann gaf Eireki hertuga í Svíaríki dóttur sína til ekta, þá er Ingibjörg hét, en hans bróðir Valdemar gaf hann til húsfreyju sína bróurdóttur, sem var mjög ágæt og heiðarleg.

Annó 1317 fangaði Birgi kóngur í Svíaríki, með svikum, þá báða sína bræður, Valdemar og Eirek, og sverti þá í fangelsinu til dauða, hvar um að ræða er mjög sorgarlegt, hvar af hann kom í hryggð og háska svo að svenskir út drifu hann af ríkinu. En son hans Magnús slógu þeir í hel svo hans ætt því nær og foreyddist.

Kóngrs Hákons dóttir, Ingibjörg, ól þann son með Eireki hertuga, fyrr en hann deyði, er Magnús hét, sá er fékk eftir afgang hennar föðurs allt Noregis ríki til Svíaríkis yfir að drottna, hvörs líka menn ei vissu í þann tíma, og kölluðu svenskir hann Magnús smekk. Hann hóf kvenbænir til Frankaríkis og fékk þaðan eina sérdeilis ágæta jómfrú sér til drottningar, og svo dægilega sem nokkur fyrir sig vera kunni, sú er Blanka hét. Og með henni átti hann tvo syni, Eirek og Hákon. Svenskir út drifu hann af ríkinu og kusu son hans Eirek aftur til kóngrs en Hákon son hans fékk Noregi yfir að ráða. En Blanka, þeirra móðir, misféll þetta, fyrirför Eireki syni sínum með eiturdrykk, sem kóngur var orðinn í Svíþjóð, og varð hún því út rekin. Síðan kusu svenskir sér einn framandi mann til kóngrs, þann er Albrekt hét, fæddur í Mikkelborgarlandi af dóttur Magnúsar kóngrs hins milda. Hann komst í litla hrösun hjá þeim svensku, því hann burt setti bæði göss og ríki undir vald og stjórn danskra. En Hákon kóngur í Noregi bað sér til drottningar dóttur Valdemars kóngrs í Danmörk, sú er Margrét hét. Þess er getið að hún var væn og ágæt, þar með skýr og skynsöm, og bar eitt öruggt karlmannshjarta í einu viskumiklu kvenmannsbrjósti. Hún fékk að drottna yfir þremur kóngaríkjum í einu. Hún erfði Noregi með syni sínum Ólafi og nær Danmörk hafði öngvan til kóngrs af kónglegri ætt, þá kusu þeir hana sér til kóngrs. En Svíaríki vann hún með maktarhendi og hafði Albrekt kóng á hið sjöunda ár í fangelsi og stjórnaði svo ríkjunum þremur sjálf með sæmd og æru.

21. kap.

Um allan þennan nefndan tíma sat Grænland í kyrrðum og þess innbyggjarar nægðu sig eftir hentugleika undir stjórn og valdi síns biskups og sendu þeim norsku kóngum sinn tilheyrligan skatt nær reisur tókust. Og nær sem þá brast biskup, prest eður djákna, fengu þeir þá frá Noregi úr Þrándheimsstifti. Og nær Þórður biskup á Grönlandi hafði ríkt í mörg ár og þar mörgu vel í lag komið, þó ei yrði fullkomlega sem hann þó annars vildi, andaðist hann héðan og kom aftur í hans stað annar biskup, sá eð Árni hét. Þegar Hákon kóngur andaðist í Noregi fékk Magnús sonur hans bæði Noregi og Svíaríki yfir að drottna, sér til lítills góða. Og með því að löndin urðu ósamþykk sín í milli og lifðu í hatri innbyrðis, þá féll lítt fyrir kóngi og kalli.

⁴ Ef til vill afbökun á „frouka“, þ.e. *ungfrú*.

Í þann tíma sat Árni biskup á Grænlandi í frið og rósemi og meðtók þakknæmilega hvað landið til lét. Og nær hann hafði þar ríkt í ellefu ár, þá andaðist hann, annó 1325. Sá hét Álfur er biskup varð eftir hann. Í þann tíma andaðist Eilífur erkibiskup til Þrándheim en eftir hann varð erkibiskup sá er Paulus hét.

Annó 1330 kom svo mikið regn af himninum sem víða gjörði stóran skaða í dölunum, einkum ökrum og engjum, og þar sem peningur plagaði sinn haga og grasgang að hafa. Þar eftir komu nagandi og nístandi frost og kuldar, hvar af dýr og útífenaður missti hold og merg og féll því hrönnum af megurð.

Annó 1331 spurðust frá Íslandi mjög undrunarsamleg tíðindi, hvörninn að fjöll og jöklar hefði titrað og skolfið og kastað sér yfir bæi og byggðir og víða opnað sig gjár og svelgi, og svo grimmt og viðbjóðlegt tilsýndar sem í afgrunn neðsta vítis lægi. Upp af þeim gjám dreif svo mikill suddi, þoka og illa luktandi dimma sem tjara að lit og allt sýndist rautt og svart, sem með blóði yfirstökkt væri, af hvörjum undrum margir fengu skaða og bana, einninn dýr og fuglar, fyrr en Guð blessaður þau fádæmi af tók. Þá andaðist biskup Jón í Skálholti, annó 1338, og Paulus erkibiskup í Þrándheimi. Eftir hann varð erkibiskup sá eð Ólafur hét.

Annó 1340 spurðist enn frá Íslandi hvörninn eldur úr Heklu hefði gjört þar stóran skaða mjög víða og er sagt að skeð hafði sex sinnum. Þar er einn jökull sem nefnist Knappfellsjökull og Trölladyngja, í Noregi og annar í Svíaríki sem saúst brenna. Hvað slíkur eldur hafi að þýða veit Guð best. En vel mætti þessi lönd taka þar af viðvörun þá slíkt við ber að eitthvað þýða muni, svo sem fyrr skeði þegar áður nefnt við bar að Noregi, Svíaríki og Grænland féll undir Danmörk. Svo plagar Guð að áminna fyrst með fáheyrðum viðburðum fyrr en nokkur ný umbreyting skeður. Þetta spurðist og til Grænlands, hvað almúginn að litlu aktaði, svo sem plagar að vera. En með því Álfur biskup var mjög aldraður og féll þungt þessi undrunarsöm stórtíðindi, þá andaðist hann. Eftir hann varð sendur frá Þrándheimi til Grænlands biskup Jón, hvör ei lét sér með nægja hvað hinir fyrri biskupar með nægðust. Lagði því stórt kapp þar á þaðan í burt að komast. Þessi biskup Jón var einn eðallegur Íslendingur, fæddur af merkilegu vísdomsfólki, þeim góðu og gömlu skáldum. Hann spurði það að biskup Ormur væri afganginn á Hólum og girtist því að ná Hólastifti eftir hann. Og þar um sendi hann boð til Noregis og bað erkibiskupinn í Þrándheimi sér þess að unna, en þess af hans hendi var enginn kostur. Biskup Jón stóð samt við sitt upp byrjað áform og fékk boði og bréfi heimuglega komið frá Grænlandi til páfans í Róm þar um.

Í þann tíma var Innocentíus páfi hinn sjötti með því nafni, og fékk svo hans bréf upp á Hólastigtí með hans hangandi innsigli þar undir. Síðan flutti hann sig frá Grænlandi til Íslands og meðtók Hólastigtí og passaði ekki þar upp á Þrándheims erkibiskup. Ei lét hann nokkurn vita af páfans bréfi eður sínum myndugleika fyrir stólnum, hvar fyrir sá andlegi selskapur og klerkdómur féll hönum allur frá, svo erkibiskupinn í Þrándheimi veitti hönum gilda áklögun fyrir Magnúsi kóngi í Noregi fyrir sakir sinnar óhlýðni og ofríkis. Kóngur undraðist yfir hans dirfsku og kallaði hann fyrir sig til Noregis. Biskup Jón framlagði páfans samþykktarbréf fyrir kóng og erkibiskup, hvar yfir þeir sig mjög forundruðu. Hlaut svo páfans fullmektugt bréf að hafa sinn kraft. En þó varð hann að sverja kóngi og erkibiskupi sinn hollustueið.

Síðan varð sendur annar biskup til Grænlands, sá eð Hendrich hét. Þeim sama féll vel bæði land og lýður. Ólafur erkibiskup í Þrándheimi andaðist en í hans stað varð erkibiskup aftur sá er Niels hét og var fæddur í Danmörk, annó 1367, hvör eð stóð í því embætti í 20 ár og varð til margra stórra og viktugra efna tíðkaður og gjörðist því mjög víðfrægur. Hann var einn eðallegur maður og ágætur, bæði til orða og gjörða. Hann mátti vel faðir heita allra norskra manna. Menn vissu fáa vera hans líka. Hann var bæði kóngi og krónu hollur og nytsamur og elskaði allt ágætt danskt blóð umfram alla aðra sem norskir menn vita frá að segja.

Annó 1375 andaðist Valdemar kóngur í Danmörk og átti hann öngvan son á lífi eftir sig til ríkis stjórnar. Þessa áðurnefnda Niels erkibiskups kynþáttur í Danmörk kusu Ólaf, son Hákonar kóngs og drottningarinnar Margrétar, til kóngs. En þó að hann væri ungur, því þeir treystu upp á hans móður herralega forsjá og röksamlega hjartaprýði. Þeir gáfu þeim báðum alla kónglega makt og héldu þau í háverðugum heiðri, aktan og æru, ríkinu til lukku og farsældar. En þegar Hákon kóngur andaðist átti hann öngvan son eftir sig utan Ólaf sem þá meðtekið hafði Danmerkuríki til að yfirdrottna. Þá íhuguðu norskir að ei mundi ráðlegt né þeim loflegt og allra síst gagnlegt að láta Noregis herradóm frá þeim til Danmerkur falla. En Niels erkibiskup lagfærði það allt með snilli og hollum ráðum, þeim báðum ríkjum til gagns og friðareiningar. Og lagði það til að ríkin skyldu staðfesta sinn einingarsáttmála með svörnum eiðum sín í milli að vera samlyndir sem eitt kóngríki og að hafa einn kóng yfir þeim báðum ríkjum.

Svo varð Ólafur Hákonarson til kóngs tekinn yfir bæði ríkin, hvörn biskupinn Niels hélt í stórri æru, aktan og virðingu. Svo náði hvör lögum og rétti í þann tíma í Danmörk og Noregi. Niels erkibiskup var einn hinn ypparsti með kónginum, Danmerkur og Noregis ráðsherrum, sem að samsetti þeim ásamt ordentlegar skikkanir 1383. Með því að vel féll í alla staði og löndin gáfu mikinn ávöxt, þá vildi hvör fremja sinn kaupmannskap og draga af landi í burt, og hvör vildi þá vera sinn herra. Þar með féll niður kóngsins leiðangur og skipaútgjörð og kortuðust herranna léni. Þar fyrir varð almennilega fyrirboðið að nokkur skyldi kaupmaður vera, utan sá sem ætti 15 merkur skuldlaust sem eru 4 sléttur dalur. Og enginn skyldi leigja af öðrum, hvörki skip né bát, heldur skyldi hvör fara sem hann væri efnaður upp á sjálfs síns hönd. Annars skyldi hann falla í kóngsins óbliðu og sekur verða.

Annó 1384 var uppálagt að allir Noregis innbyggjarar skyldu í til skikkaða kaupstaði fara með góss og varning sinn að selja, og voru tilsettir dagar í árinu nær í sérhvörjum stað undir krónunni skyldi torg haldast. Og var Niels erkibiskup hinn helsti í þessari ordentlegri skikkun, 1388.

Og nær Ólafur kóngur lést skrifa alla riddara, eðalborna herra og þénara, þá helstu af öllum landsins almúga, til Ódens í Fýn, hvar hann hélt sitt almennilegt Danahóf, í þeirri meiningu að það skyldi ske Guði til lofs en ríkinu til gagns. Þá sendust og einnin bréf til Grönlands til biskups Hendrichs, að hann og kæmi á þetta Danamót, sem hann og gjörði og tókst hans reisa farsællega til Þrándheims. Ferðaðist hann svo með Niels erkibiskupi ofan til Danmerkur og urðu allir glaðir við þeirra komu. Kóngur hélt ráðstefnu með aðlinum og höndlaði um allra handa ríkisins nauðsynleg efni sem Guði mátti til lofgjörðar ske en landinu til æru og góða. Greifinn Heinrich af landi Holsten var nýlega afganginn en hans son Gerdt meðtók hans forléningar eftir hann, hvar um hann bað með knéfalli og allur mannfjöldinn með hönum, hvörs kóngurinn hönum vel unnti.

22. kap.

Síðan héldu biskuparnir og prestarnir eitt almennilegt mót með sér um kirkjurnar og þær skikkanir sem þar eftir skyldu haldast innan kirkju og utan. Þeir buðu öllum höfðingjum meiri háttar og minni, hvör eftir sínu megni, að uppbyggja sínar sóknarkirkjur með prýðilegasta hætti. En yfir þeim aftur skyldi þar inni bænir og blessan haldast sem og yfir öllum stéttum í landinu, hærri og lægri. Og eftir textann upplesinn og predikun, skyldi fyrir kónginum og ríkisins ráði ein almennileg bæn gjörast, sem og fyrir öllum landsins aðli sem nokkur embætti höfðu. Síðan fyrir hjúskapsstéttinni, item þeim sem voru á sinni vegferðarreisum og fyrir fönguðu fólki. Item fyrir óléttum kvinnum og þeirra föstri, item fyrir jarðarinnar gróða, fyrir fiski og fénaði, að Guð vildi senda sína blessan til sjóar og lands. Og að þessu öllu enduðu varð slík öll ordentleg skikkan um öll lönd undir krónunni skriflega send, sem og hingað til almennilega haldist hefur. Síðan ferðaðist hvör heim til sín. Niels erkibiskup af Þrándheimi leiðsagði biskup Heinrich af Grænlandi heim til Noregis með sér, hvörjum hann auðsýndi æru og virðingar. Og síðan nær biskup Hendrich skildi við hann, sem heim dró til Grænlands. Skammt þar eftir andaðist Niels erkibiskup, sá eðallegi og ágæti herra, og varð greftraður í Þrándheimi. Um fleiri hans meistarlig verk og skikkanir er í norskri skrift umgetið enn framar og gjörara en hér inni skrifast.

Síðan skrifuðu þeir norsku til Róm og óskuðu af páfanum að senda sér annan erkibiskup í hins stað, sem hann og gjörði, að hann sendi þeim einn ágætan mann til erkibiskups, sá eð Vivoldus hét, sá eð bæði varð ríkinu, kirkjunum og öllu landinu til gagns og æru. Hann sór sinn hollustueið, bæði móður og föður, eftir þeirrar aldar siðvenju, að hann skyldi hollur reynast hvörjum og einum hærri stéttar manni og lægri. Í þann tíma féllu hönum til mörg þung málefni að yfirvega, bæði um kirkjurnar og prestana, og hafði mikið ómak þar fyrir áður en hann fékk því öllu vel til leiðar komið, bæði það sem til hlýddi innan lærdóms og utan.

Og nær Ólafur kóngur Hákonarson var í sínum fegursta blóma andaðist hann. Þá auðsýndi Vivoldus erkibiskup að hann vildi halda sinn hollustueið við móðurina, drottninguna Margrétu, eftir hennar elskulega sonar afgang. Hvörja hann kostgæfilega tilstyrkti að ná Noregis krónu og að útilykja Albrekt kóng frá Noregis ríkis erfð, og allt hans kyn. Einnin þá herrana í landi Holsten frá öllu Noregis ríkis tilkalli, en dæmdi með lögum og réttindum ríkið allt undir Eirek af Pomeran og hans ætt. Þar við gramdist Albrekt kóngur og vildi hefnast á drottning Margrétu og herjaði upp á Danmörk og hennar lönd, og hét að voga þar til lífi og blóði að ná aftur Noregis ríki. En danskir gjörðu hönum, fyrir herralega röksemd og hugdirfsku drottningar Margrétar, gilt áhlaup í hvörjum hann varð fangaður annó 1388. Varð hans her sleginn í Vestur-Gautlandi og svo missti hann bæði heiður og ríki. Varð svo Svíaríki með herskildi unnið undir Danmerkurkrónu og vald drottningar Margrétar.

Í Noregi fundust þeir nokkrir af kónglegri ætt sem misunntu drottningu Margrétu vald, ráð og regering yfir Noregi að hafa og kvisuðu þar um í hljóði, með þeim sem eitt með þeim héldu og kváðu það minnkun landinu að kvenpersóna skyldi yfir þeim drottna. Þetta spurði drottning Margrét og með því einn norskur höfðingi, Vinold að nafni, var henni mjög hollur og hlynntur, þá styrkti hann hennar ráð í öllu, svo það fékk ei framgang fyrir þeim sem hennar vald vildu lægja.

Einn að nafni Hákon Jónsson, sem var ríkisins drost⁵ að nafnbót, hlaut að vinna sterkasta bókareið, að hann afsegði frammar allt tilkall frammar meir til Noregis kóngsríkis, og þar upp á útgaf hann forpliktunarbréf með sínu eigin signeti. Þar undir setti og Vinold, með þeim helstu af aðlinum, sitt signet. Síðan naut drottning Margrét friðar og hollustu allra sinna undirgefina. Þar eftir fylgdi spekt og rósemi meðal allra í landinu. Mörgum af aðlinum, þeim vitrustu og helstu, var til lögmálsins yfirsagnar og forléninga treyst og unnt. En á meðan þannin til gekk í ríkinu lá um Grænland allur ryktisrómur í dái. Og sakir margra tilfallandi efna og orðsaka forsómdust þangað ferðir. Það var skikkað undir kóngsins garð og hans fatabúr, og nær öngvir höfðu þangað sigling né nokkra höndlan, úr því drottning Margrét var til Danmerkur komin, þá um síðir voguðu norskir þangað að leita. Sumum lukkaðist það lítt en sumum betur.

1389 þegar drottning Margrét það spurði misþóknaðist henni það mjög og vildi það í öngvan máta lýða. Skrifaði því sterkleg bréf Hákon Jónssyni til, sá eð hafði hennar vegna ráð og umdæmi í Noregi, að hvör það gjörði frammar meir, þá skyldi hann straffast láta sem ráns- og ofbeldismaður, svo að öll ófriðarefni afstýrðust í tíma.

Hákon Jónsson setti það mál upp á lögstofuna í Bjargvin og lét stefna þeim þangað sem þar úti fundust sekir, og setti það mál þeim helstu og vitrustu í skoðun og hugleiðing, sem var fyrst slotsherrann Erland Filippusson og Örnólfur Gvöndarson lögmaðurinn, Finnur sýslumaðurinn og aðrir fleiri sem voru 10 menn af þeim elstu og vitrustu í landinu. Siglingamenn höfðu sér það til forsvars að vindar og stórvíðri hefði bægt sér af sinni leið og þangað, og sluppu þeir svo með lífið en dæmt og ályktað varð strengilega, að ef nokkrir frammar dirfðust án leyfis þangað að sigla skyldu líf og óðul missa. Og grænenskum varð strengilega fyrirboðið við neina aðra kaupskap að fremja eður nokkurn mat til farkosts að selja, utan þeim sem þangað kæmi af kóngsins hendi, hvörjum þeir skyldu sinn venjulegan skatt afhenda.

Hér upp á urðu þeir norsku bókareið að vinna og sluppu þar með frí. Síðan voguðu norskir öngvir án leyfis þangað að sigla. Síðan féll ýmist til í ríkinu að stunda, svo að þeir norsku herrar höfðu nóg að athuga, hvör um sitt eigið. En drottning Margrét kom skjaldan í landið og féllu því undan Grænlandsferðir. En um þá tíma féllu svo miklir stormar og stórvíðri til lands og sjóar að menn voguðu ekki upp á slíkar reisir að gefast svo sem áður fyrr. En nær þangað varð sent þá fórust sum skipin á reisunni svo aldrei spurðist til þeirra síðan. Blygðuðust gamlir stýrimenn að gefa sig í slíkar háskafarir og drottningin hirti þar ekki mikið um. Og stóð það svo í nokkur ár, þangað til að Vinold deyði. En einn eðallegur maður að nafni Eskill, með því hann fékk leyfi til, tók sér það fyrir að rækja ómak og erfiði sinna forfeðra og gramdist þar yfir mjög að Grænland skyldi svo fyrir forsómunarsakir falla úr eigu og erfð þeirra eftirkomenda. Gjörðist hann því stórt upphaf siglinga til Grænlands aftur að nýja að uppbyrja. Og með því að menn vissu ekki hvört biskup Heinrich lifði, þá sendist sá maður með þeim er Andrés hét, sem þar vera skyldi biskup í hans stað ef hann væri afganginn. Síðan lögðu þeir í haf og hefur síðan um þeirra farir ekkert af spurst, hvört þeir hafa vel þangað komist eður ei, það veit Guð. Og er nefndur Andrés sá síðasti maður og biskup sem þangað hefur sendst frá Noregi og í norskum bókum finnast kann skrifað. Þessum Andrési biskup var befalað að þó ekki árlega þangað sigling kæmi, þá skyldi það vera landsins vísa að láta árlega kóngsins skatt í einn vissan stað

⁵ Þ.e. dróttseti, umráðamaður um sætaskipan við hirð þjóðhöfðingja.

og að áminna fólkið til allrar guðrækni, siðsemi og hlýðni. Í þann tíð skrifaðist eftir Frelsarans hingaðburð 1400 ár.

23. kap.

Í þann tíma, nær að skrifaðist 1412 ár, afgekk drottning Margréta og fleiri af þeim elstu og helstu sem í Danmerkur og Noregis ráði verið höfðu. Eirekur hét sá kóngur sem eftir Margrétu drottningu tók ráð og regimente yfir Danmörk og Noregi og Svíaríki, einn aðkomandi mann en ei innlendur. Hann hafði nóg um að vera og athuga án Grænlands umþenkingar og af féllu því reisur þangað í hans tíð.

Annó 1438 varð Kristófer af Bæjaralandi, eftir Eirek, kóngur í Danmörk og ríkti skamma stund. Hönum féll og annað til umþenkingar en um Grönland að hugleiða. Hann háði mikið stríð við þá herra sem réðu fyrir Vindlandi og féll í því sama stríði, bæði hann og margir af danskri kónglegri ætt. En ríkinu eftir hann að stjórna fengu herrarnir af Oldenborg. Síðan tók kóngdóm, annó 1448, Christian sá fyrsti, hvör eð hafði nóg að hugleiða og um að vera, bæði til sjóar og lands, fyrr en hann fékk Svíaríki beygt undir sitt vald. Hafði og litla umhyggju fyrir Grönlandi en langtum meiri lyst til að ferðast suður í Róm að sjá hvörninn þar til stóð heldur en norður í Grænlandi.

Annó 1474 reisti hann frá Danmörk til Róm í pílgrímslíking og varð sú reisa hönum meir til ábata en öll inntekt af Grænlandi. Hann afrekaði undir Danmarks krónu allt Ditmerskenland og ævinleg fríheit að í Danmörk héldust háskólar. Og á veginum hindraði hann mörg tilefni og ólukkulegt tilstand, bæði Róm og Danmörk til góða.

Annó 1481 tók kóngdóm eftir hann Hans, sá eð litlar náðir hafði fyrir einum að nafni Steinn Sture, fyrr en hann fékk hann út drifið. Einnin lögðu ditmerskir mikinn fjölda hans stríðsfólks að velli annó 1500. Fyrir slíkar og fleiri orðsakir fékk hann ei Grönlandi sinnt né skeytt. Annó 1513 varð son hans Christian aftur til kóns tekinn, yfir Danmörk og öll lönd undir krónunni, í Kaupinhafn á því mannamóti er þar skeði. Á meðal annars var um ráðslagað að ríkið skyldi ná aftur öllum sínum fyrri eignum sem undan voru gengnar, bæði Hjaltland⁶ og Orkneyjar sem sá skoski kóngur hafði undir sinni stjórn, og með bréfum fannst að hann hefði þær í pant haft af kóng Christian. Og fyrir það hann var af þeim til kóns kosinn hlaut hann því að játa að leysa þær aftur undir Noregis krónu. Og upp á það að slíkt mátti ei bregðast varð það strax innritað í hans handfesting. Þar gjörðist og þann tíð eitt fast samþykki að ná aftur Grænlandi undir þá norsku krónu ef mögulegt væri, en hann hélt illa sína lofun. Kóng Christian forsmáði þann danska aðal og tilbjó þeim svensku eitt hrátt blóðbað og varð síðan landið að rýma.

Annó 1523 meðtók Fridrich sá fyrsti kóngdóm eftir hann, en aðallinn og almúginn var illa til friðs. Stóð því háskalega til í ríkinu. Hann gaf sínum aðli bæði háls og hönd að vera þeim og ríkinu hollur og inntók svo aftur bæði lönd og borgir með vild og velgengni. Annó 1524 sýndi kóng Fridrich þeim norsku þann mildileik að hann lét í Ribe í Jótlandi skrifa Noregi kosningarríki, sem fyrr var arfríki hvað kóngskosning áhrærði, og lofaði aldrei að skrifa sig

⁶ Handrit: Heitland. Á færeysku nefnist landið Hetland.

erfingja til Noregis. Hann hét og því að ná Hjaltlandi og Orkneyjum með tímalengd undir Noregis ríki, svo og líka varð þar áhrætt um Grænland, nær dagur og ráð til gæfist.

Þar fannst einn sá maður norður í Þrándheimi mjög gamall að aldri, sá sem mjög vel til mundi sjóvegi og leiðarlengd þangað. Einnin innanlands öll takmörk, hafnir og höfða og hvað annað þvílíkt, og lést reiðubúinn þangað með góðri fylgd og föruneyti, sem og fleiri aðrir. Þar var einn erkibiskup fyrir stuttu í Þrándheimi, hann var fæddur í Danmörk, einn eðalborinn mann af mektugu fólki, Eirekur Valkendorf að nafni og var Arelsson. Hann var nafnfrægur maður mjög vegna síns ágætis og frábærrar mannprýði, svo hans mannorð og sæmdarrykti í Danmörk varir meðan að heimurinn stendur. Hann var reyndur og forsóttur í flestöllum hlutum. Hann varð kóng Christians kanseller og hollt ráðaneyti, hefði hann annars hans ráðum eftir breytt.

Kóngurinn sendi hann til keisarans eftir sínu kvonfangi og brúðarefni, hvörja hann með æru til Danmerkur flutti með miklum ríkdómi, herrum og fylgdarliði. Varð hann síðan erkibiskup til Þrándheims og bringdi mörgu góðu til vegar, sem Guðs nafns, dýrð og kristilega kirkju áhrærði. Hann lét uppbyggja í Þrándheimi eina veglega kirkju sem þar hafði aldrei slík fyrr byggð verið, af kostulegu úthöggnu grjóti með meistaralegri snilld sem enn nú í dag lætur sig til sýnis og haldin var hin veglegasta í kristninni, hefði hún orðið fullgjörð. Hann tók sér fyrir hendur að láta upp sigla Grænland og kostaði þar til miklu fé. Hann fékk góðan kunningskap af þeim öldruðu þar innan ríkis um sjófarir þangað og úr bókum þeirra gömlu sem klerkarnir fengu upp leitað. Í þeim fundu þeir glögglega allt þar um afmarkað smásmuglega innan lands og utan. Síðan þar eftir lét hann til setja og upprita eitt kostulegt sjókort eftir hvörju þangað að sigla mætti. Og sem þetta var fullgjört hindraðist hann framar í sínu áformi til Grænlands að senda, af einum að nafni Dybeck, fyrir hvörs árásir hann hlaut að rýma úr landi og til Róm, hvar hann tók sótt og andaðist.

24. kap.

Og nær sem kóng Christian var af landi út drifinn og Fridrich, hans föðurbróðir, meðtók eftir hann ríkið og kónglega tign og allt var aftur í lag og til friðsemi komið í landinu, þá voru þeir nokkrir í Noregi sem tóku sér fyrir að voga upp á líf og lukku, í Guðs trausti, að sigla til Grænlands. En ei finnst það skrifað hvörnin það hefur til gengið um þá sigling og mun það hafa fyrir þeim aflagast vegna þeirrar miklu styrjaldar og daglegs ótta, sem þann tíð í ríkinu yfir stóð af kóng Christian og hans mishöndlan. Gáfust því ekki haglegar stundir ferða að freista til Grönlands. En þess er getið að Fridrich kóngur hafi vilmæli góð um haft og í áformi og ráði að ná aftur bæði Grænlandi og Hjaltlandi og Orkneyjum undir norska krónu, ef Guð vildi sér nokkra stund lífs og lukku unna.

Annó 1525 lagði sig Søren Norby mjög fastlega eftir að kóng Christian mætti ríkinu aftur ná og hafði því Fridrich kóngur nógu að gegna. Hann var sínum herra svo hollur og trúr að hann setti til allt sitt góss og garða að vilja hjálpa hönum og aktaði ekkert háskasamlegt sem fyrir höndum stóð hans vegna, þar til hann varð landið að rýma 1526. Kóng Christian lék og margan kaldan leik fyrr en hann gat komist inn í Noregi, hvörja hann eignaði sér, og varð svo fangaður og missti öll sín kóngleg friðheit. Fyrir slíkar og þvílíkar orðsakir seinkaði og undan dróst öll

herraleg framkvæmd og duganleg viðleitni að vinna áðurnefnd lönd og eignir sem undan krónunni voru fallin eður Grönland að upp leita. Eftir allt þetta órósamlegt yfirstaðið sat Fridrich kóngur eftir girnd og vilja í friði og náðum.

Sá eðallegi herra kóng Christian hinn þriðji, loflegar minningar, hafði og nóg að starfa fyrir en hann fékk ríkið unnið og undir sig lagt. Greifarnir og Clement fengu hönum nóg mæðusamt efni undir hendur, án þess um Grönland að hugsa. Þó unnti Guð hönum svo mikillar lukku að hann fékk þá slegið undir sínar fætur og frelsað ríkið úr háska. Síðan vann hann ríkinu sinn kónglegan verndar- og hollustueið. Slíku varð hann að lofa sem hinir aðrir kóngar fyrir hann, að ná aftur Hjaltlandi og Orkneyjum, sem til panta stóð hjá kónginum í Skotlandi, svo það varð í bækur inn skrifað. En Grönland gleymdist því meir sem leið (sem raun gaf vitni) og var það fyrir gott meðtekið úr því kónginum féll það vel. Sagt er að kóngurinn hafi átt svo mjög mikið að starfa og um höndla með þeim vitrustu í landinu, allra helst um kirkjunnar efni, fyrir en hann fékk því vel til leiðar komið. Og var þá kóngurinn kominn mjög í sinn aldurdóm. En þó er þess getið að hann einn tíma á sínum stjórnarárum hafi sent þangað skip og menn, þeir eð ei fundu landið og komu svo búnir heim aftur. En þeim norsku mönnum sem að bjuggu fyrir norðan sker, gaf kóngurinn fríleyfi þangað að sigla og þeim ábata að ná sem lukkan þeim lénti. En þeirra efni voru þar til of lítil og skipin smá og fékk sú reisa ei því framtök.

Síðan andaðist kóng Christian en Fridrich hans son fékk aftur kóngdóm og ríki. Hann þvingaði þá ditmersku undir sitt vald því það land var fyrir skenkt og gefið undir Danmarks krónu. Hann heitstrengdi og svo trúlega að koma Hjaltlandi og Orkneyjum undir Noregis krónu og í sama máta ásetti sér Grænland að láta með tíð og tíma upp sigla. En stórviktugar ríkisins nauðsynjar, sem var byggingar, stríð og þess konar, kunnu það ei að líða.

Norðarlega í Sælandi, sem Hildarhólmur fyrir stóð, lét hann byggja einn ágætan herragarð sér til ævinlegrar minningar og kónglegs aðseturs. Þá borg lét hann kalla Friðriksborg. Hún liggur undir því fagra lofti á því fegursta plássi sem nokkurs manns hjarta má við gleðjast. Skógurinn með sínum fagra blóma liggur þar umhverfis, en vötnin með alls konar fiskakyn nálægast borginni sem spilar og leikur sér þar inni fagurlega, en margs konar dýr með hjörtum og hindum. Í skógunum fuglar margslags, sem listilega syngja hvör eftir sínu raddarlagi á sumartímanum, hvar af eykst ein fagnaðarskemmtan þeim er þar á hlýða. Svo er hún veglega og sterklega byggð að mannlegri sjón kann sýnast að standast muni til heimsins enda. Síðan gjörðu svenskir hönum ófrið og áhlaup upp á hans ríki og færði svo stríð þeim svenska kóngi í gegn í sex ár, þar til hann varð fangaður. Þá bróðir þess svenska kóns tók ríkið eftir hann, þá rýmdi hann og til með sama hætti nokkra stund, annó 1568, allt til þess að hann fékk hugleitt að danskir höfðu bæði hjarta og hendur sitt föðurland að verja og forsvar gjöra, og að Danmörk var ei svo létt að vinna, sem þeir annars meintu, og forlíkti Svíaríki við Danmörk. En á meðan svo friðsamlega til stóð millum ríkjanna, annó 1576, lét Fridrich kóngur byggja mektuga bygging þar sem á Króki heitir og einn sterkan lás fyrir allri Danmörk.

En á meðan því lík bygging yfirstóð, upphóf einn mikill engelskur sjókappi að nafni Martinus Frobisher, sem heyrta hafði Grænlands getið, að leita á þann sjóarfarveg í norður Grænland að upp sigla. Og á veginum fann hann bæði eyjar og landið um síðir sem öngvir höfðu undir hefð né hönd. Hann hafði mjög víða um heim farið og mörg lönd kannað. Þeim tókst vel landið að

upp sigla en gagnaðist enginn höndlan eður athvarfi þar að ná fyrir sakir íss og háskasamlegra storma, frosts og grimmdar kulda, myrkurs og þoku. Sigldi því hið beinasta heim til Englands og kunngjörði drottningunni Elísabeth frá sinni ferð og landnámi. Hún prísaði mjög hans vogun og ágætt anslag og gladdist mjög við foraukning síns ríkis þar af. Hér eftir tók hún sér fyrir að hugleiða gagn og kostnað til reisunnar, og að því öllu svo yfir þenktu lét hún upp búa 3 veglega tilreidd skip með kösku⁷ fólki og fékk þeim áðurnefnda Martino þau í hendur.

Hann hélt með þau úr höfn þann síðasta dag maímánaðar og sinn kóss að Orkneyjum og þaðan undir Grönland og lét í norðvestur horfa. Og nær hann kom í nálægð landsins mætti hann miklum stormum og straumum og fárlegum ísskaflum, í hvörjum var mikill viðarreki. Þeir gátu hvörgi að landi komist fyrir órum og ærslum, vogar og vinda. Þeir liðu mikla raun af fjúkum og frostum og drifu svo í fullar 6 vikur undir seglum, þar til þeir komu undir Norður-Frísland, og var þar litlu betra. Þar liggja margar eyjar, bæði smáar og stórar, með snjó og ís huldar. Þar eru víða mörg há fjöll sem með jöklum klemmd eru. Og með því þar eru bjartar nætur varð þeim það til nokkurs yndis og hugfróa. Mikið djúp var þar inn til landsins svo þeir fundu ei grunn með sínum lóðlínunum. Ekkert sáu þeir sig þar lifandi hræra hvar þeir á land litu, utan fyrir framan landið yfir sjóinn smá fuglaflokka fljúga, hvar af þá grunaði að þar mundi fleira lífs sem landið fæddi.

Ísinn dreif þeim á bæði borð, að stærð og hæð sem björg og land, sem bannaði þeim firði og hafnir. Skipsins fyrirliði hafði mörg ráð úti til lands að komast og skoða þess umhverf, en það gagnaðist eigi og lét því ómaki um síðir hætta og hlutu því þar frá að halda út í þá miklu hafsógn og yfirmátanlegt frost sem þá þvingaði. Þeir létu enn nú í norðvestur horfa í fulla átta daga. Þeir litu um síðir landi með háum fjöllum upp skjóta í vestri. Skipmenn glöddust þar við næsta mikið og hugsuðu gott til að þeirra ómak mætti um síðir góðan ávöxt og enda taka og héldu þangað að. Það var mikið og hátt land og héldu það Ameríka. Þeir litu bæði í norðri og austri stóra og djúpa dali og héldu að þetta land sé sú vestasta auðna af Grænlandi eða eyjar þar fyrir utan, sem það hefur til náð og grensað í forðum daga. Eigi gátu þeir þar hafnir tekið eður inn á nokkra vik komist. Allt var með ís fram í sjó yfir hulið en bylgjur og sjóarógn gekk að framan. Því voguðu þeir þar hvörgi að. Héldu sig því hafsmegin. Marteinn Frobisher hélt svo austur undir eina ey og vildi þaðan um skyggvast. Eitt sund lá í milli eyjar og lands í hvörju að gekk hinn sterkasti straumur. Þar í gegn liggur sjóleið sem sigla má allt í suðurátt veraldar og síðan um kring allan jarðríkishnöttinn.

Að þessari ey lögðu þeir sínum skipum og fundu þar skjótt afdrep og góða höfn og góðan grunn hvar þeir máttu skipalag hafa. Fram á klettana komu villimenn nokkrir með undarlegri hegðan. Þeir gjörðu bendingar og hneigðu sig. Fólksins fyrirliði sýndi þeim sig vingjarnlegan og lét upp taka og frambæra það skranmesta af sinni vöru, hnífa, spegla og annað þess háttar, með vingjarnlegustu tilteiknun að þeir mætti til sín óhult fram ganga. Þeir gengu nokkuð nálægt en þó vareygðarsamlega mjög ef nokkur vildi sér á grípa eður við hræra. Þeir höfðu úr stað flutt sínar byggðir, hvað sem í kynni skerast, en sína báta höfðu þeir á floti þar með að bjarga sínu lífi ef við þyrfti.

⁷ Ef til vill sama orð og *karskur*, þ.e. röskur.

Þeir engelsku umkringdu klettinn með miklum larmi, hvar við þeir aumu menn urðu skelfdir og köstuðu hvörju þeir á héldu, hlupu svo hvör í sinn bát og héldu á flóttu frá landi svo þeir ei fangaðir yrði, en þeir engelsku hömluðu þeirra ferðum og flóttu, svo þeir aftur til lands héldu og runnu í kletta, hvað þeim var mjög tamt þó slétt berg væri. Samt nutu þeir öngrar rósemi. Þeir jöguðust úr einum stað í annan, þar til margir af þeim steypu sér af hábjörgum í sjó og vildu heldur svo deyja en af framandi fangar og þrælar verða.

Þeir engelsku settu heimleiðis til þeirra byggða sína leið og meintu stór fjáruppgrip öðlast mundu. Þá var eigi annar ríkdómur fyrir hendi en árar og nokkur skinn og þar hjá ein gömul kerling með óburstað hár og ein ung kvensvift, sú eð var ólétt. Hún átti ungan son og dóttur. Þau urðu með að fylgja til skips. Við kerlinguna voru þeir mjög hræddir og hugsuðu töfrótt vera mundi. Þeir tóku af þeirra hyttum og híbýlum hvað þeir þar inni sér gagnlegt fundu og niður brutu af þeim margar. Það fólk sem sig í leyndum hulið hafði hlutu án aðgjörða þar á að horfa, með ótta og hræðslu sem þeir höfðu af þeirra skotum, bumbum og braki.

Þessi Martinus Frobisher skyggnaðist víða um kring og jafnvel gekk með flokk manna upp á há fjöll og jökla, hvað þeim varð til skemmtunar og gat hann hvörgi séð nokkurt pláss eður stað sem til gagns og ábata væri. Hélt því þegar til skips, upp drógu sín akkeri með flýti og héldu frá því takmarki landsins og sigldu svo lengst með landi til að hugleiða hentug skipalög, ef finnst kynni. Þeir fundu á þeirri leið nokkuð langt frá landi einn sérlegan fisk að sköpun svo sem einn stór uxi, en hans höfuð var á aðra leið, hafandi langa trjónu og úr henni eitt horn vaxið, tvær alin að lengd, hvasst sem þyrnir í framanverðan oddinn en holt innan og án slóar, hvört dýr að vér höldum vera einhyrningskyn, sem sinn gang hefur í hafinu og þar sitt uppheldi hefur. Menn hafa og síðan hugleitt að það horn skuli hafa sérlega náttúru og að vera til margs gagnlegt.

Þeir sigldu svo fyrir deildir og dali og litu ekki annað en himin og há fjöll og hrepptu mikil stórviðri á þeim tíma. Síðan héldu þeir þaðan og í norðvestur yfir þá strauma sem kallast Jachmannssund, og undir því landi hleyptu þeir akkerum og leist þeim þar betra landslag. Þar voru miklar þokur í hafi. Þetta land liggur nálægt Grænlandi og nefndu það Anna Varviks.⁸ Þetta land reisir sig mjög hátt í tveim stöðum og er þar ís, snjór og miklir jöklar á háfjöllum. Þeir formerktu að þar mundu koma jarðskjálftar miklir því fjöll og jöklar voru þar víða sundur opnaðir og úr stað vörpuð með stórri forundran. Því má þar engin bygging standa óhýlt.

Martinus lét sitt fólk saman safna þeim örmul og mylsnu, sem um fjöllin lá, af fjallsbrotum og upprótun jarðar og jökla, og af þeirri materia lét hann frakta tvö sín skip. Og að því lúteruðu og upphreinsuðu fengust þar af þrjú hundruð tunnur gulls. Í bland þessara fjalla fundu þeir fólk við hvörja þeir með bendingum ræður höfðu fyrir blíðlega viðleyitni. Fimm menn hafði Martinus þar eftir skilið það fyrra ár, og í bendingum spurði þá að hvört þeir mundi enn þá á lífi eður ei. En þeir til teiknuðu að þrír af þeim lifði en tveir af þeim lifði ekki og létust vilja þeim hans boðskap færa og báðu um pappír. Hvar af hönum mætti af þeim andsvör gefast eður

⁸ Jarlinn af Warwick styrkti leiðangra Frobishers og til að heiðra hann skírði Frobisher hæsta fjall á Hall's Island í höfuðið á honum. Vera kann að heitið á landinu vísi til kvenmannsnafnsins *Önnu Warwick* en það nafn báru sumar af konum Warwick-ættarinnar.

hvað þeir girntust, og að þeir skyldu hér um sanna vissu öðlast um tvo daga liðna, ellegar sjá mennina.

Þeir fóru af stað og á fjórða degi komu þeir sömu aftur og vísuðu þeim til einnar vikur. Þangað bífalaði höfuðsmaðurinn að róa þeirra bát. En sem þeir sig um sáu, litu þeir allar foldir af fólki fullar. Voguðu því ei þar lengri dvöl hafa, því þeir sáu glöggð þeirra lymskulegt anslag og atferli. Lögðu því með hast úr höfnum og burt með landi fram og athugaði hvar hentast væri hafnir að hafa ef við lægi. Og nær þeir sigldu þannin nálægt landi gátu þeir litið þrjá menn á landi standa með hvítum yfirlitum, svo sem þeir sjálfir, þvert í móti þess landsfólks skikkan. Þessir þrír menn gjörðu þeim bendingar, en af því að þeir höfðu mikinn flokk af því stóra landsfólki með sér þá treystu þeir þeim eigi. Þeir köstuðu upp á sandinn til þeirra bæði af mat og öðru, meintu svo þá þar með til sín að lokka, en þeir öktuðu það að öngvu. Þeir landsmenn báru fram á sjóarbakkann einn sinn mann, að sjá sem hann vanfær og hneptur væri, og gengu svo sjálfir frá og meintu þar með að lokka þá til sín. En Frobisher, hann sá þeirra klókskap og lét skjóta byssu nálægt þessum kryppling svo sandurinn fauk um hans eyru. Strax sprangaði hann á fætur og rann til hlíðar í svo miklu hraðasta hlaupi sem fráasta dýr í skógi undan villiskyttum og veiðimanni. Hinir aðrir sem í leyni legið höfðu spruttu upp í stórhópum og skutu ótal örvum af sínum bogum og slógu hart í bland þeirra framandi með sínum slöngum, en þeir af skipunum skutu í bland þeirra með nokkrum skarpenteinum er hakar nefnast, og með þeim hæfðu marga til heljar af því arma landsfólki. En hinn allur ríll⁹ flýði til fjalla og varð það þeirra síðustu kveðjur með þessum þeirra skilnaði.

Þetta fólk er illt viðureignar og geysilega grimmir, sem óarga dýr. Þeir eru stórvaxnir, limamiklir og lymskir í bragði, mjög bleikleitir. Hafa langt og óhreinlegt hárstrý sér á höfðum. Þeirra klæðnaður er af selskinnum, mjög vel saumaður, með seigum sinum. Líka sem landinu er vart, líka svo er fólkið í sinni art. Landið er grýtt, líka svo er fólkið harðlynt og hugstrítt. Þeir leita ei síns brauðs sem Guð bauð manninum, heldur svo sem skynlausar skepnur. Þeir lifa í vesalan máta. Þeirra kvinnur líta út mjög undarlega. Þær ganga með óskýldu höfði, hafa mikið hár saman bögglað við þeirra eyru, en hitt sem liggur eftir miðju höfði fellur á hrygg aftur að lendum niður. Þær rispa sig í andlitið og smyrja þar í aftur, bæði gulu, grænu og bláu. Þeirra skyrtur eru af fiskahimnum og sundmögum, mjög vel þar til verkuðu. Mestallan sinn mat sjóða þeir eigi, hvörki selkjöt né af hnísum, höfrungum eður þess konar fiskum. Þess líka er um óhreinar rætur og blöð að tala. Þeirra mataraðferð er gráðug og svo sem glefsandi. Þeir hafa ei borð né fat, ei ker eður krús. Í staðinn þess að vér af viskum og þurrkum vor föt og borðker, tíðka þeir sína tungu. Þar er ekkert hreinlæti, blygðun eður siðsemd hjá þeim. Þeim fylgir vondur og illa lyktandi klæðadaunn. Þeirra klæðnaður er rúmur og eru um mittið beltaðir. Þeir hafa eitt hnakkaskjól svo sem við hangandi og það kallast þeirra á meðal stór æruskenkur nær einn skenkir það öðrum. Sumar konur þar hafa buxur sem kallmenn vor á meðal og eru loðnar innan. Þær og þeir hafa margir sokka í hvörjum þeir geyma bæði hníf sinn, nál og þráð og hvað annað sem þeir hljóta nauðsynlega með sér að hafa. Þeirra hús eru af hvalskinnum og undir spilað með furuviðartrjám allt um kring og eru saman saumuð með snillilegri list. Í mót sól og suðri venda þeirra húsdýr. Ekki kemur einn vatnsdropi á þá þar í gegn. Eins er og um þá varið, sem í millum klettafjalla og farammlegra hrauna hafa sínar byggðir. Það er þeirra helsti

⁹ Þ.e. skríll.

samdráttur, bogar með skeytum, bátar með árum, skinn og slöngur. Þeir hafa stutta boga og nertugar örvar. Annaðhvört er skarpur og oddhvass steinn á píluendanum eða nálhvasst brýn. Þeir skjóta þeim bæði víst til máls og langt í sama máta með sínum slöngum. Hæfa þeir bæði víst og langt með stórri list og behendugheitum. Þeirra bátar eru langir og stafnhvassir og mjóir. Þeir stýra þeim svo artugt sem einn riddari sínum tilreynda og afvanda hesti. Allir eru þeir af selskinnum og meistarlega innan útspilaðir með trérifjum og saman saumaðir. Maður kann þar í hægt sitja, hann stígur niður um þá holu sem á skinninu er í miðjum bátnum. Það skinn dregur hann að sér svo nákvæmt að ei má vatn í milli komist. Svo dregur hann hettu að höfði og þrífur árar í hönd og hirðir þá eigi um storm né strauma og æðir svo í fram til hafs hvað horfir. Sum þeirra skip eru prýðilega og stórgjörð með bogum um kring og þar yfir með skinnnum hulið. Þeir bera vel 16 menn án stórrar hlöðslu. Seglin þar á eru svo þunn og mjúk sem skyrta og eru af sinum og sundmögum mjög snillilega saman saumuð, verkuð og vel til sett. Þeir róa þeim skipum með árum og þau renna svo létt og listugt í fram í móti bláviðri og bylgjusjó.

25. kap.

Þar á landi sjást öngvir ormar né eiturkvikindi, utan jötunoxar smáir, flugur og mý er þar, sem sárt stingur. Menn meina að þar muni líkindi sjást til gulls og silfurs og annað sem dýrmætt er. Þar eru öngvir skógar né nokkur ferskvötn, utan nær snjó leysir og sólþíður verða. Menn meina að allar vatnsæðar séu af frostum herteknar og hindrist því allur náttúrlegur varmi upp að komast. Menn meina að þar muni bæði silfur og gull í jörðu vaxa, sínum skapara til vilja. Enginn fénaður kann þar alast fyrir ávaxtarleysi, utan villidýr sem þar eru til vönd, sem er úlfar, harar og hvítabirnir, hjörtur og hindur. Hunda hafa þeir svo stóra sem úlfa og þvinga þá til seldráttar heim til byggða. Það virðist mjög undarlegt að fólkið er villt en dýrin spök og hundar vinna verk fyrir sinn herra.

Menn meina betra land vera hið efra frá sjónum og sýnist sem þar muni réttar byggðir og bústaðir þeirra vera. En þau hús sem við strönd standa muni þeirra verbúðir vera. Þar sjást öngvir vegir, stígar eður brautir manna og ei sýnist það mögulegt að fólk muni sig þar í þeim smáhúsum í vetrar grimmdahríðum hulið geta. Þeir létu og með bendingum á sér merkja að langt í burt þaðan byggji annað æðra og veglegra fólk sem gullspengur hefði um enni og bæri kostuleg klæði og ætti góss og eignir. Og meina svo menn að þessir sem við sjóinn eru á sumurin muni hafa höndlan við þá æðri eru upp í landinu, með því sem þeir afla af sjónum.

Þeir gjörðu þeim bendingar að þeir vildu með dýru verði betala allt stáls- og járnkyn. Þeir gjörðu þeim og ávisun með bendingum að þeir væri undir valdi eins höfðingja sem upp í landinu sitt aðsetur hefði, sá eð Kakningur hét, og að hann hefði sitt veldi víða og hefði yfir mörgu fólki að drottna, bæði því sem í eyjunum byggði og víða í landinu. Og sýndu hönum stóra æru og sögðu hann yfir alla landsins innbyggjendur í helstu skikkan og burðum og stórmannlegastan, og að hans undirgefnir veittu hönum mikla lotning og virðingar og að þeir bæri hann sér á öxlum, hvar hann um landið ferðaðist. En hvörn lærdóm eður trú þeir hefði kunnu þeir ekki skiljanlega að fá að vita. Þó var svo að merkja að nær þeim gekk mótdrægt eða þá þeir grétu og andvörpuðu, að þeir þá bæði litu og upp fórnðu sínum höndum til himins. Þar

með létu þá í friði vera og lögðu síðan skipum sínum frá landi og héldu svo þaðan þann fjórða ágústii og fengu góð byrleiði og náðu höfnum í Englandi 27. september með gleði og fögnuði.

26. kap.

Í þann tíma sem þetta skeði stóð yfir sú veglega Krónborgarbygging við Eyrarsund, sem í þann tíma var mjög kostulegt verk haldið, hvört eð stórlega ræmdist og víða útbarst. Slotið var upp byggt af sterkum grundvelli, af úthögnum steinum með veglegum turnum og forgylltum flögum, og var allt með kopar þakið. Fyrir slotinu urðu allir sín segl að lægja sem framandi voru, kónglegri tign þar með lotning og virðing að auðsýna og sinn toll útgefa. Sömuleiðis lét hann upp mála það svenska stríð og alla Danmerkur kónga, hvörn með líking og skikkan í kring um sitt palats og kónglega sal, með inntaki sérhvörs ævisögu og athafna.

Sá veglegi kóng Fridrich lét og byggja upp á Hven, sem í landsuður liggur frá Krónborg og vendir að austursjónum, eitt mektugt og veglegt slot, Danmörk til æru og hrósunar. Þar upp á skyldi bóklegar listir lærast og forhöndlast, Guði til dýrðar en landsins innbyggjurum til allra dáða og kristilegra dyggðaaukningar og þeirri heilögu trú til kröftuglegs vaxtar og styrkingar.

Og nær kóngur hafði svo allt í lag sett sem ríkisins helsta nauðsyn út krafði, hvað ei verður í stuttri ræðu útskýrt, og í landinu með friði og góðri skikkan allt vel fram fór, þá féll kónginum til sinnis að láta Grænland upp sigla, til hvörrar ferðar hann út kaus einn norskan vel forsóktan mann, Magnús Henningsen að nafni, sá eð mikið víða um lönd var kunnugur og prýðilega forsóktur til sjóar og var góður stýrimaður og kapteinn.

Hann hafði siglt víða í suður og vestur og frá Frankaríki undir Ísland, og nú síðast gjörði hann sig reiðubúinn hér með kóng Fridrich að þóknast til Grönlands að reisa, ef þar til af Guði lukka gæfist, hvör viss vegartilsögn var í gleymsku komin. Kóngur fékk hönum vel útbúin skip með verjum og vel rösku herliði. Hann hélt svo sínum skipum til hafs frá Danmörk og undir Ísland, eftir gamalli venju, og þaðan í norðvestur sem þeir meintu helst að Hvítserk á Grænlandi ná mættu. En sem þeir voru nokkuð á þá leið komnir mættu þeim þokur, myrkur og óveður. Fengu stóra storma og hrakviðri mikil svo þeir komu í mikinn mannháska.

Magnús vildi ei aftur snúa svo lengi sem fært sýndist og vildi þar upp á voga sínu lífi og sinna fylgjara að ná landi ef mögulegt væri. Þeir mættu og miklum ís fyrir hvörs aðþrengd að þeir komu í vanda og stóra hafsneyð, þar til þeir gátu landið litið og með miklum háska og ómaki undir það komist. Voru þar öll annes og hafnir, sker og klasar af ísnum umspennt og yfir hulið, svo þeir gátu því ei nálægt komist. Þeir héldu svo austur með landi og því meir sem þeir í austur sigldu uxu straumar mjög öflugir. Þeir komu og þar um síðir sem Seyol-steinninn¹⁰ er á mararbotnum, svo að skipin höfðu öngva ferð undir seglum. Þeir hrepptu hvörn dag þoku illa luktandi, stórfrost og storma og mikið myrkviðri. Þessa neyð liðu þeir lengi um sumarið, þar til þeim leiddist við slík harmkvæli að umgangast. Þeir tóku svo mið og merki á landinu ef þá í öðru sinni kynni þar að bera. Héldu þeir svo þaðan áður en veðráttan spilltist meir sakir tímanna umhlaups og sumarsins skriðunar og fengu góða byri heimleiðis. Og komu svo heim

¹⁰ Danski textinn: Seylstenen.

með heilu og heilbrigft fólk og haldna reisu. Reisti Magnús síðan á kóngsfund og undirvísaði hönum af sinni ferð hið ljósasta. Kóngi féll það vel í geð að landið hefði fundist, að ef ske mætti að það yrði með tíðinni betur upp sótt. En skömmum tíma þar eftir andaðist Fridrich kóngur, annó 1588, hvað eð varð til hryggðar Danmerkuríkis innbyggjurum. En Magnús Henningsen missti lífið, voru þar þá öngvir sem þá reisu vildu að sér taka.

Að nokkrum tímum liðnum eftir kónsins afgang, metók hans son Christian sá fjórði kóngdóm, ríki og regimente yfir Danmörk, hvörn Guð volduglega styrkti og studdi með sínum maktararmlegg. Hönum tilféll í öndverðu sinnar ríkisstjórnar margar þungar og viktugar sakir að hugleiða, forhöndla og yfirvega, og hlaut því mikla umhyggju að hafa fyrr en öllu fékk í rétt laga komið. Hann var ungur mjög þá hans herra faðir afgekk og syrgði hann mjög. Samt lét hann sinn herra föður fá eina veglega jarðan.

Og þá hann var kórónaður, gekk það til með veglegasta hætti umfram allra Danmerkur kóna krýning sem fyrir hönum verið höfðu. Hann út reiddi og af höndum lét sína systur með veglegum hætti, sem drottning varð í Englandi. Hann keypti af sínum bróður, hertug Uldrich, allan þann helming er hönum til stóð í landi Holsten, hvörn hann borgaði með mörgum tunnum gulls. Sinn elskulega bróður, hertug Hans, annó 1602, út reiddi hann af ríkinu með veglegum hætti, með gulli og göfugum ríkdómi, frægu föruneysi og skipaflota til Rússlands, þó hönum auðnaðist eigi þar kóngur að vera.

Síðan um reisti hann alla vega sín lönd og ríki að umskoða og hugleiða hvörninn í hvörjum stað til stóð og jafnvel norðarlegast í Noregi, bæði um Hálogaland og Bjarmaland og Finnland, sem aldrei höfðu danskir kóngar fyrr um reist, svo nokkur af vissi, allt austur að Rússlands landamerkjum. Hugleiðandi allar þær helstu ríkisins nauðsynjar, til að afstýra öllum tilfallandi háska ef stríð og styrjöld kynni ríkinu til að falla, og lét upp byggja öll slot og festingar sem í órækt og niðurfall komin voru. Og krafði svo ríkisins skattgjalds eftir gamalli vísu án vægðar og hirti ei um hvörjum vel eður lítt líkaði.

Hann lét sterklega upp byggja Varbergsslot sem mjög var niður í grunn fallið, sem skeði í því síðasta svenska stríði er Fridrich kóngur gegn hélt, og lét upp setja þar háturta og múra sem aldrei fyrr verið hafði, sem síðan óvinnanlegt sýndist. Halmstad lét hann og veglega upp byggja með díkjum og sterkum múr um kring, hvör borg að marga hrið og skorpu hefur þrátt út staðið af óvinanna áhlaupum. Austur í Blekinge, á þeirri leið sem liggur að Kalmar í Svíaríki er á Rúskerjanesi heitir, lét hann fram lengst á nesinu upp byggja eitt slot, veglega festing og eina prýðilega borg þar hjá, hvörri hann hefur til lagt ríkdóm og eignir miklar. Hún hrósar sér næsta vel, svo að allir þeir þar sigla fyrir hafa skemmtun af slotsins og borgarinnar prýðilegri bygging. Þar kunna að teljast öll þau skip sem þar sigla fyrir. Borgin kallast Kristianopol.

Í Kaupinhafn lét hann byggja eitt veglegt týhús með læstri höfn þar hjá, í hvörju húsi að eru þau veglegu stykki neðarst á gólfi, en á þess 5. loftum eru ótal smábýssur með margt slaggjörðar, herklæði, bumbur og merki, og gjörvallt annað hvað til stríðsnauðsynja heyrir. Það er að lengd 120 faðmar en á breidd 12 faðmar. Það var úr sjó upp byggt með vænum múr, glæsilegum og háum turnum og gylltum veðurvitum.

Í Norðskógum, þar sem hans sæli faðir lét fyrst forma þá veglegu borg Friðriksborg, hana tók hann því nær niður sökkná í grunn og lét hana með miklum fékostnaði og ærnu ómaki stækka, upp byggja, sterka og prýðilega gjöra, sínum föður til ævinlegrar æruminningar, sér og Danmerkurríki og eftirkomendum til góða, svo naumlega finnst slík bygging í öllu því rómverska ríki, svo að sín börn skyldi fá hugleitt hvör þeirra faðir verið hefði og einn herra og kóngur fyrir því. Með slíkum hætti lét hann forauka ríkisins veglegheit árlega og daglega undir allri krónunni.

Og sem hann hafði þannin með mikilli umhyggju látið gjörvallt innan ríkja upp byggja og lagfæra í alla staði sem hönum mest var mögulegt, þá rann kónginum til sinnis, meðal annars sem daglega til féll, að láta Grænland upp sigla, ef mögulegt væri að svo sem það hefði fyrir forsómun annarra Danmerkur kónga undan krónunni fallið. Svo fékk hann nú hug og dug til að innleggja þá frægð með guðlegum tilstyrk, að ná því og koma aftur undir Danmerkur og Noregis krónu, og að hann þá sína alvöru meining grunlaust í ljósi léti.

Annó 1605 lét hann út reiða með veglegasta hætti þrjú stríðsskip með kostulegu föruneysi og allri skipsnauðsyn. Hann hafði upp spurt einn mjög víðförulan engelskan stýrimann sem fyrir hafði siglt á Grænlandsstrauma, þó ei þar komið heldur undir Frísland og undir Ameríka síðu, og lét á sér heyra að austur betur væri Grænland. Ei er sú sjóleið því nærri sem norskir forðum létu horfa, því þessi leið er að norðri betur.

Gottske Lindenaa, einn eðlaborinn ágætur og nafnfrægur maður, var fyrir liði skipanna, hvörs nafn að sýnist farsælt í meining og útbýðingu, því að Linden og Aaen, það er flóðið, flytur menn til hafna, en Gottske, á reisunni er ei það síðsta næst heilsunni, að komist í landið sem hugurinn var. Hann var danskur maður af eðallegri ætt. En hinn annar hét Manndiufvel¹¹ (eður Manndijfell). Hann var af saxlenskri ætt, hann skyldi vera hins lautenant. Hann hafði þént í kóngsins hofgarði og vildi nú vita og reyna hvað gott og illt væri sínum herra til þóknunar en sér til frægðar og frama. Og með því hann girtist nú þangað hvar villifólk var, og svo sem djöfull hvör um sig í gegn þeim eilífa Guði, þá ástundaði hann sem einn kristinn mann að úr djöflum yrði frómt og fínt fólk.

Þá var sá hinn þriðji kaffeinn að nafni Hans konungur, hvað þýðast mátti að eftir því hann flutti frá Danmörk og til Grönlands konungsnafn, þá var þar af að hugleiða að í Danmörk var bæði sá kóngur og sá tími eða sú yfirstandandi tíð sem Grænland undir Danmörk þvinga kynni. Ásamt þessum fylgdi til valinn selskapur og að öllu svo til reiddu, héldu þeir úr höfnum þann 4. maii. Stóð þá margt fólk um kring þá bryggjum, nær þeir til hafs héldu og úr höfnum fóru. Þeir báðu Guð ráða nær fundum saman bæri, þessa heims eður annars, hvar aldrei verður skilnaður útvaldra að eilífu.

¹¹ E.t.v. Mogens Heinesen Munk. – Danski textinn: Manddiuffuel (Manndöfull).

27. kap.

Þeir út slógu sínum toppmerkjum og sigldu blásandi byr út frá Kaupinhafn ofan að Eyrarsundi, og þaðan í norðvestur út fyrir Jótlandsskaga og síðan í vestnorðvestur haf að Hjaltlandi, vestarlega og mjög sunnarlega. Þeir sigldu þar svo hjá og höfðu landið á stjórnborða, þar til þeir sáu Skotland og Orkneyjar sem frá þeim lá til suðurs. Og síðan settu þeir sinn kórs í norðvestur. Ísland létu þeir liggja langt í norður frá sér, nærri 60 vikur sjóar og var það nærri þeirri sjóleið sem undir Ameríka liggur.

Þeir fengu mikla kulda, storma og stórviðri, þokur og dimmviðri, oftast daglega. Þeim byrjaði áfram að kjörum, allt til þess þeir komu undir Ameríka. Það land liggur mjög í suður. Því tóku þeir sér annan kúrs í norður, hvar með þeir mættu Grænland að finna, og fóru mjög eftir leiðsögn þess engelska stýrimanns lengst með landi, þangað til þeim dönsku yfirmönnum og stýrimönnum tók mjög til að leiðast og sáu það fyrir, ef svo lengi horfa skyldi, þá mundi þeir aldrei Grönlandi ná. Tóku sig því af þeirri leið og lét aðmírallinn á sínu skipi af hleypa einu stykki svo að sá engelski stýrimaður, sem undan sigldi, það til merkis hefði að þá gínnti ei lengur hans fyrirsögn eftir að fylgja, og drukku hönum til upp á skimp og buðu hann vel lifa eða með fylgja.

Þeir höfðu einn góðan danskan stýrimann innanborðs og treystu betur hans fyrirsögn og létu það horfa sem hann til sagði, þar til þeir litu land með mjög háum fjöllum. Þar var mikill ís í reki og frábær kuldi, grimm stormviðri, slæm sjólukt og fúlar þokur. Þeir sigldu svo langt með landi fram, upp leituðu hafnir og varð mjög ógreitt um. Því þess nær sem þeir fóru landi var meir og meir djúpari sjór. Þeir settu svo einn sinn bát fyrir borð og fór Manndijfell með hönum til lands og leituðu úr einni vík í aðra og fann hvörgi lag fyrir skipin, og ei lætur hann af að flakka og fara hingað og þangað, þar til hann villist í burt frá skipunum og vantaði í marga daga.

Þeir komu í stórar mannraunir, bæði af frosti, kuldum og öðru þess háttar óvenjulegu. Og varaði þetta svo lengi að skipunum tók um þá að lengjast heldur meir en lítið. Skipsins nafn var það Rauða león sem báturinn var frá horfinn. Það annað skip hét Trausti, þriðja Sá litli köttur, sem á reisuna var út sent. Þeir hröktust í stórum stormum og þar með vonandi eftir sínum bát daglega. Um síðir fann Manndijfell, eftir smásmuglega leit, góða höfn og sérdeilis gott skipalag langt inn í landinu, öðru megin þess lands og skerja sem þeir komu fyrst að. Þar skildi hann sinn bát eftir og gengu á fæti skipin aftur upp að leita. Og nær þeir fundust komu þeir með þær gleðilegu fréttir að þeir um síðir hefði á hitt gott hafnarlag. Fólkið gladdist þar mjög við og með hast inn lögðu skipunum og fundu þar sæmilega höfn fyrir skipin og um nokkra tíma hvíld handa sjálfum sér.

Nú líta landsmenn nýlyndi mikil og sjá þá gesti er þá hafa heimsótt og vita nú ei hvað á ferðum er eður hvör ráð nú skuli upp taka, utan þeir grípa sína boga með skeytum og safnast saman úr öllum umliggjandi byggðum sem um kring þær hafnir lágu, undir þeim háa og hraunmikla fjallaklasa er þar umhverfis var að líta. Þessir Grænlendingar komu þar út svo grófir og gráir og grimmir tilsýndar, sem úlfar úr sínum fylgsnum og hýði. Sumir gripu sína báta og fóru nálægt skipunum en þó með stórri athugasemi. En með því þeim sýndist allt með spekt og kyrrð vera, þá nálægðust þeir því meir skipunum og urðu þess djarfari í sinni, og fjölguðust svo mjög

að undrum gegndi, um kring skipin, en fólkið innanborðs hélt sér kyrru og vildu fyrst gott teikn á sér sýna og ei til ills upphaf vera. Og nær sem landsmenn vissu sér öngvan sýnilegan voða af þeirra hendi til standa eður mótfall, þá ásettu þeir sér á skipsborð að hlaupa með miklum ys og ákafa og harðasta aðgang að gjöra og hugðu nú sigur úr sókn bera og býti í byggðir færa. Hinir sem innanborðs voru leyfðu þeim ei nálægra að koma en á borðstokka og sýndu sig þó í öngvum hershætti, heldur auðmjúka í hneigingum og bendingum. Þeir báru þeim fram bjór á staupum, brauð í körfum, kjöt og flesk á fötum. Hinir átu þar lítið af, þeim smakkaðist betur blóðugt stykki af hráum sel og tint af tróni. Og nær þeir sáu skipsmanna slík vinsamlegheit þá auðsýndu þeir þeim sig aftur vingjarnlega í bragði.

Síðan fóru þeir allir heim til sinna byggða og komu fljótlega aftur, hvör með sinn pysling og bagga, hvar inni þeir höfðu sína vöru til sölu. Ef þá nokkuð þess háttar girnti, létu þeir þeim ljúflega í té. Í bland þeirra varnings voru kostuleg dýraskinn og refsinn. Þar með hvítar bjarndýrshúðir mjög ágætlega verkaðar, en undir af gráum selskinnum og mörg af þeim voru í sundur skorin, svo sem í klútamyndir og sum aftur saman saumuð. Þar komu og fram mörg knippi eður bindini af kostulegum hornum til sölu, og hvört eitt þeirra var falt fyrir nál eður krókapar, sem menn meina af einhyrningskyni, þó ei sjálfu, hvað þó ei síður í sínum krafti reynist. Þessi dýr sem að bera þvílík horn hafa sína ferð og fæðu í hafinu, en einhyrningar á þurru landi, og eru ólík að lit. Þeir höfðu og fleira varningskyn sem þeir í raðir fram breiddu svo menn skyldu því gjör yfir líta ef þá til þess nokkurs lysti.

Skipsfólkið fram lagði og sína vöru ef þeir grænlenku girntust þess háttar nokkuð. Létu þeir þeim það í té með blíðasta hætti og í valdi vera og þeir vissu þeim þéanlegast vera mundi. Kauphöndlan þeirra á milli var með bendingum. Þeir tóku það upp af beggja vöru sem þeim þótti jafnvirði vera. Svo var kaupið af beggja hendi samþykkt og fullgjört. Ekki sinntu þeir um silfur né peningamynt, tóku heldur krókapör og nálar. Stál og járn þóknaðist þeim svo mjög vel að þeir gáfu þar fyrir hundraðfalt meir en vert var. Þeir gáfu þar fyrir boga með pílu, báta með árum, kyrtla með skyrtum af sínu holdi. Þeir öktuðu ekki verð á sínu góssi heldur miklu framar sína neyð og nauðsyn.

Landið við sjósíðuna er bert og kalið, hart og hrjósturlegt og fær þeim ei járn né stál gefið. Þess vegna hljóta þeir í staðinn stáls og járn að tíðka stein og bein með miklum erfiðismunum. Þar fyrir taka þeir stál og járn heldur en gull. En máltækið hljóðar að í öllum löndum sé pottur brotinn og svo reyndist þeirra á meðal, að sú læðulega ágirnd hafði og far fengið til þeirra grænlenku manna svo þeir hvinntytluðu bæði í skipum og bátum öllu lauslegu er þeir gátu yfir komist og þá helst girnti. Og síðast gáfu þeir sig til akkeranna og strengjanna að sagla þar í og vildu gjarnan að það væri allt heim komið til sinna byggða. Og nær sem danskir höfðu grandvarlega hugleitt alla hluti uppi og niðri, hafnir og hagleg skipalög og kaupslagið eftir þess lands vísu í fulla þrjá daga, og sáu þar var ei meir að útrétta til stórra gagnsmuna, þá leist þeim hentugast að flýta sinni ferð þaðan úr þeim stað meðan kjör gáfust. Þó duldu þeir því fyrir landsmönnum.

Á fjórða degi gjörðu þeir laust úr höfnum. Tveir grænlenkir voru þar innanborðs í þann tíma, hvörja þeir létu með fylgja. Þeir ólmuðust mjög þar við og vildu sig ei þvinga láta. Þeir bitu og börðu með höndum og fötum sem hestar og hundar eða sterkir og ólmir villugeltir. Þeir öktuðu

hvörgi högg né harmkvæli, meiðsli né mannfjölda. Þeir börðust og vörðust með blóðugum armleggjum án ótta og blygðunar eður vægðar við sig, svo menn urðu að taka þá til banda sem villisvín. Með framtíðinni stilltust þeir og létu af sínum ofsa og æðigangi. En nær sem þeir ed á landi voru sáu hvað gjörðist, söfnuðust þeir í stórhópa, grenjuðu ákaflega með miklum ofurhljóðum skutu með sínum bogum og slógu með sínum slöngum eftir þeim með frábærri grimmdarhörku.

Skipmenn hröðuðu sér úr höfnum mest þeir gátu og létu eitt stykki af hlaupa. Landsmenn óttuðust þvílíkt og hugðu eitt grimmosta tröll vera mundi, úr hvörs munni að eldur gysi og þvílíkt hljóð gæfi af sér að fjöll og foldir skulfu. Af slíkri ógn og skelfilegri forundran hljóp hvör í sitt fylgsni sem fugl fyrir fálka og voguðu ekki fram sig til nokkurs ófriðlegs að auðsýna. Síðan héldu þeir dönsku skipsmenn frá landi út með bæn og blessan og höfðu nokkra daga bága vinda, þar til þeir hrepptu góð byrleiði og rötuðu beinan kúrs undir Hjaltland og höfðu þá Orkneyjar sér til hægri handar og létu hlaupa fyrir sunnan Hjaltland, þar til þeir voru komnir á borð við Noregi og síðan upp í Eyrarsund með blásandi byr á þeim sautjándi degi eftir er þeir af Grönlandi út hleypu. Síðan héldu þeir hið bráðlegasta upp til Kaupinhafnar, Sankti Ólafsmessuafan, með heilbrigðu fólki og happsamri reisu, á þeirri sömu tíð sem kóng Christian sá þriðji fyrir 61 ári hafði Danmörk fengið undir sína valdstjórn. Og svo sem Guð blessaður gaf hönum lukku og sigur þar til svo og gaf Guð hans sonarsyni, kóng Christian fjórða lukku og sigur til að láta finna og upp sigla það lengi hulda og dulda Grænland.

Þessir langferðamenn glöddust mjög ásamt öllu landsins fólki yfir þess svenska stríðsrénun og uppgjöf, og friður var orðinn í ríkinu. Svo og gladdist sérhvör yfir þeirra langferðamanna sigursætri reisu, heilsu og velgengni. Það fólk klæddist sínum prýðilegasta búningi og skipin öll prjáluðu með sínu skarti fyrir utan Kaupinhafn, sem er með sínum toppmerkjum og flaggir. Item með sínum bolsaner, það er streymurum á hvörjum rármúla, fyrir ofan og um kring alla borðstokka og merskörfur. Item, þeir skutu og af öllum sínum stykkjum í þrenningu, eftir því sem Danmerkur lausn er og þar plagast í heilagrar þrenningar nafni. Þar eftir blésu þeirra trómetar í sín trómet. Svo léku skipin fagurlega undir sínu veglegu skarti sem einn góður hestur undir sínum taum og reiðskap.

Allar bryggjur voru af fólki þaktar hér á að líta með miklum fögnuði. Skipsherrarnir drógu glaðværir á kóns fund og veittu hönum blíðar kveðjur. Kóngur tók þeim vel, og að reisunnar inntaki öllu frá hermdu fagnaði kóngur mjög yfir þeirra sigursamri reisu í alla staði. Kóngurinn dró strax til skips með drottningunni að skoða þá grænlenku menn og annað meir sem þeir höfðu meðferðis þaðan fáséð. Fólkið fylgdist með bæði á landi og bátum svo margfalt og þykkt að ei varð tölu á komið.

Þeir grænlenku menn komu fram fyrir kónginn svo byrstir tilsýndar, litlir vexti og lágfættir, bleikleitir, og í sínum selskinnskæðum með hetti sjálfgjörða að ofan og löfum þeim er á milli fóta falla að aftan og framan, sem þeir upp leystu jafnan nær til sinna nauðsynja gengu. Skyrtur þeirra voru úr sundmögum, sæmilega tilreiddum. Þeir höfðu kolsvart hár. Þeirra bátum varð senn á sjó fleytt af allra sterkustu selshúðum saman saumaðir og reyrðir. Þeir voru langir og mjóir. Þeir stigu þar inn og tóku sínar árar sér í hendur. Upp hófu síðan skarpan róður og létu kónginn og allt fólkið sjá til hvörs að þeir voru á Grænlandi upp vandir. Árarnar voru stuttar

og blað á hvörjum enda. Og nær þeir höfðu komið nokkrum gangi á bátana þá flugu þeir í fram sem eitt skeyti af bendum boga. Kóngurinn lét setja í móti þeim sextán menn í einn esping, kappróður, að gjöra þeim í gegn, hvörjum þeir sýndu fettur með sinni list, mótlíka og músin kettinum á víðri mörk. Settu í króka þvert og endilangt með listilegu látgæði og létu svo skeiðrenna fram hjá og aftur. Þar fengu menn að sjá, til dæmis að taka, hvörnin sá aumi og fátæki fær sig nært með sjálfs hendi, en þó hann sé litill vexti og snauður að fé. Síðan barst fram sú grænlenka vara fyrir kóngsins auglýsni og síðan dró kóngur til lands með sínu föruneyti en þeim grænlenku varð góður samastaður til skikkaður.

28. kap.

Nú vikur máli til þess engelska stýrimanns sem fyrr var um getið og undir Ameríka setti sinn kúrs, sá eð hin tvö skipin í meðför hafði, Trausta og þann litla Kött. Hann hitti um síðir Jackmannssund. Þar var enginn ís sem hönum tálman gjörði á sínum kúrs og leiðarstefnu. Hann umbreytti því nafni, dönskum til æru, og kallaði það Fretum Daniae, það útleggst, danskir straumar. Hann umlagði skipunum til hægri handar og bráðlega þar eftir sá land fyrir stafni, hvað hann lét vera þann vestasta part af Grænlandi. Hann sigldi skjótt að landi og fór hafnir og skipslög að upp leita og landsins nákvæm efni að rannsaka. Þar áhittu þeir það vænsta pláss með grænum og grasgrónum dölum, fjöllum og foldum, hálsu og hlíðum, sem nokkur vildi á kjöra. Því lengra sem þeir litu og leituðu til norðuráttar, voru því fegri firðir, vikur og hafnir og öldungis íslaut og landið því meir sléttara og frjósamara. Þar fengu þeir fólk að líta, í æðri sköpun og hegðan en þeir þar fyrr nokkurt sinn séð höfðu, hinum tveim sínum.

Þeir lokkuðu þá til sín með silfri, gulli og geðlegri vöru. Þeir tóku það fyrir gott og buðu þeim aftur jafnvirði af sinni vöru. Ekki hirtu þeir um silfur né gull, heldur það sem þeirra neyð og nauðsyn krafði. Þeir sóttu skjótt í land sína vöru og fram báru hana sem var skinnhúðir og sína klæðnaði og tóku þar fyrir krókapör, hnífa og nálar, en allra mest gáfu þeir fyrir stál og járn. Þeir grænlenku höfðu athugan og ótta á sér mjög, og nær þeir höfðu verslað sínu góssi eftir því sem hvör hafði um að vera, fór hvör heim til sinna byggða sem að voru upp í dölum og fjallafylgsnum. Og nær skipmenn höfðu þar nokkra stund legið og skoðað við sjósíðuna þar um kring allt það smásmuglegasta sem mátti, og landsmenn gáfu sig sem minnst á flakk og ferðir, og hvör var búinn að versla sinni vöru, þá tóku skipmenn sér fyrir að gjöra landgang með helmingi síns fólks, vel útbúin með byssum, vopnum og verjum til að skoða landsins leiligheit.

Og að öllu svo hugleiddu uppi og niðri, upp rituðu þeir það. Og hvar þeir um reistu var allt með spekt og kyrrð, utan bylgjur og brimhljóð mikið. Landið var víða slétt og fagurt, mótlíka og sumstaðar í Noregi með berangri. Ei var þar í þann tíma árs, frost né kuldi. Þar voru sandar og klettar og sumstaðar moldjörð. Björg voru þar og brattar hlíðir. Það sem venti í austur á landinu, voru grænir og grónir dalir alla veganna í fegursta máta. Því lengra sem þeir gengu í norður því fegra og lystilegra leist þeim landið vera, en stríðir straumar gengu þar fyrir utan svo ísar höfðu þar öngva viðstöðu. Var þar því jafnan hreinn sjór og hættulaus umhverfis land og sker sem og innan hafna og fjarða. Þetta var um miðsumarstíma. En við syðri síðu landsins eru ei svo miklir

straumar né stormar, hvar fyrir ísinn hefur þar svo sem sitt pláss og umferð og verður þar því ei að komist.

Þar sem þessi skip voru, sá sjaldan sól fyrir þokum og landsins dimmviðri, en nær sem himinninn er klár og hreint sólskin er, kemur þar mikill sólarhiti og eru langir dagar. Þar eru há fjöll og brattar hlíðir. Ei voru þar stórir stormar í þann tíma sem þeir þar dvöldust, heldur góðviðri með mátulegri svölun svo menn gátu hugleitt að þar í jörðu var mikill brennisteinn, hvar af loftið hefur nokkurn dám, af hvörju merkja má hvað í jörðunni er hulið. Þar fannst og sú matería sem þeir kalla herts, svo sem önnur mylsna með skínandi ögnum, og er að merkja sem innbyrðis í þeim fjöllum muni vera hið dýrmætara ef til reynt væri. Þeir höfðu með sér mörg centener heim í Danmörk af þeirri matería, úr hvörri mjög lítið hafði lúterast, nærri 37 lóð af hreinu silfri. En með því að skurmið er svo góðrar tegundar þá er von til að kjarninn þar inni muni dýrmætur vera, og held ég hér sannast það sem þeir gömlu vísindamenn hafa fyrr meir skrifað, að ríkdómur og liggjandi fé Saturnii sé hulinn og niðri geymdur í norðlegustu fylgsnum og takmörkum (jarðarinnar) veraldarinnar.

Við sjósiðuna fundu þeir víða sléttar og grunngóðar víkur og hafnir hvar þeir máttu óhultir inni liggja. Þar inni lágu margir firðir og þá umhverfis há fjöll og brött björg víða. Þessa lands sköpun eftir smásmuglegasta hætti afrituðu þeir glögglegast sem verða kunni svo að þeir sem eftir þá kæmi fyndi allt hið sannasta eftir töflunni og hennar fyrirsögn. Þeir uppreistu þar á ásum, annesjum, fjöllum og háhæðum, upphlaðnar stórvörður til glögglegs kennimerkis, hvar fyrir neðan lágu hin bestu innhlaup, víkur og hafnir. Og hvörjum sem að landi vildi sigla var þetta einn góður leiðarvísir, nær þær eygðust.

Þeir gáfu þeim dönsk nöfn eftir Danmerkur kóngi, hvör nöfn að finnast hjá þeim á útskornum töflum niður sett. Og hvörninn landið væri í hátt nefndist eftir dönskum stöðum og plássum, Danmerkurríki til ævinlegrar minningar svo að þessi nöfn vara allt til veraldarinnar enda. Hvör nöfn það auglýsa að öngvum veraldlegum höfðingja tilheyri þetta Grænland öðrum en Danmerkur- og Noregiskóngi eða þeim hann vill það léna, svo það kunnugt verði börnum og barnabörnum hvörjir höfðingjar þeirra feður verið hafa.

29. kap.

Og nær sem þessir skipmenn höfðu þar dvalist í fullan mánuð og þar allt umhverfis hugleitt, rannsakað og hugleitt, og grandvarlega merkt og upp teiknað, og með því að gott byrleiði tók til að falla, þar fyrir í Guðs nafni upphófu þeir fyrir sanna alvöru þaðan frá landi og úr höfnum að halda. Þar voru og fjórir af grænenskum innanborðs í þann tíma, hvörja þeir með sér tóku, og nær þeir það formerktu, ólmuðust þeir mjög, rifu og bitu sem grimmustu villudýr og sýndu hvörki sér né öðrum vægð né hlífð. Þeir öktuðu hvörki vopn né verjur, heldur sem einn brennandi logi og glefsandi úlfur æddu fram og um brutust og hirtu hvörki um högg né harðleg ágrip meir en stokkur eða steinn. Átta menn höfðu nóg að gjöra að verjast fyrir þeim fyrr en þvingaðir urðu. Sumir af þeim voru við mastrið reyrðir, sumum undir þilfar þrúgað, og þar nokkra stund inni geymdir. Einn af þeim var ólmastur og ófyrirlátsamastur. Hann skeytti ekki um nokkurs manns líf né limi. Hann var með öngvu þvingaður né taminn, þar til kapteinninn

greip í skapbræði mikilli sína muskeytu og skaut hann jafnskjótt í hel þar hann stóð. Strax sem hinir hans landsmenn sáu hvörninn hönum að fór stilltust þeir þegar.

Nú sem þeirra landsmenn sem á landi voru gátu séð hvað gjörðist, fylltust þeir mikillar grimmdar og reiði og létust vilja gjöra hindran að þeir út kæmist með skipin af því hafnarmynni er þeir lágu fyrir innan. Strax bifalaðist af kaftuganum að affýra einu stykki, hvað og gjörðist. Og sem hinir litu eldinn og heyrðu hljóðið varð þeim öllum við bilt svo einn og sérhvör hvar hann var eður stóð, hörfaði og um koll féll og meintu það vera einn anda undirdjúpanna er slíkan eld út blési og þvílíkt mektugt hljóð úr sínum kverkum útræki. Og eins líka sem harinn fyrir hundum þá hlupu þeir í fylgsni og felur, hvör í sinn vinkil og afkima. En skipin héldu úr höfnum og þegar í byr og bylgjótt haf, upp á forsjón og fararstyrk þess almáttuga Guðs. Og voru þetta með þeim þær síðustu kveðjur í það sinn. Bar skipmenn skjótt í haf úr lýðs og lands sjón. Hrepptu þeir þokur og þung hafviðri langt hingað á leið. Hröktust þeir stundum hvörjir frá öðrum og fundust að skömmu aftur. Og með því að Guð var með þeim og með sinna heilagra engla blessaðri fylgd og foruneyti, fékk þá án manntjóns, meins og slysa, fram leitt. Komust þeir heim í Danmörk, ekki undir eins og Trausti sem fyrr var um getið hvör ei var utan einn mánuð frá Grönlandi til Kaupinhafnar, en hin tvö skip fylgdust eftir á seinna, sem var Ljónið er þeir kölluðu Laufa og Litli köttur. Skjótt létu þeir sín akkeri falla til grunna, segl upp felast, merki og flaggir blakta, boldsanir dingla, og skansklæði með fögrum farfa umhverfis fyrir ofan borðstokka, skipin skrautlega um draga, en á fremri stöfnum hékk Grænland með fögrum farfa afmyndað að tjáðum takmörkum.

Skjótt flaug þessi fregn um skipakomur þeirra um borg og bý. Varð á skömmum tíma mikill samansöfnuður kallmanna og kvenna að sjá bæði skip og fólk og að fá fregn af hvörninn þeirra ferð fallið hefði. Senn dró kaptuginn frá skipsborði og gaf þeim grænlenku vink að þeir með fylgdist. Þeir gjörðu sem hann bifalaði. Þessir þrír ungir stallbræður fylgdu hönum eftir í sínum selskinnsklaðum. Þeir voru sámlitaðir, svarthærðir, grettir og gráfölir og úfnir ásýndar, lágir og þykkvir og að öngvu við of né vanskapaðir, heldur án lasts og lýta. Lof sé skaparanum þeim eilífa drottni dýrðarinnar. Þeir voru glaðlyndir en þónokkuð feimulegir og óframgjarnir. Þeir gjörðu teiknanir og bendingar með höndum og fótum nær nokkur vildi við þá ræða. Þeir höfðu snjallt mál og hvella raust til alls þess sem þeir höfðu vilja til. Hvör þeirra nefndi annan skýrlega Oxa Judecha. Allt fengu menn skilið af þeirra bendingum, þeir og svo af annarra.

Og nær kóngurinn fékk þá að líta, sá hann skjótlega að tveggja handa fólk var í landinu af þeim sem þaðan fluttust. Þeir sem fyrst heim komu voru grófir, grettir og plumper,¹² en þessir voru vingjarnlegir og léttsinnaðir, og þar af var að hugleiða að landið var mikið í umgripi og þar mundi margslags fólk vera. Þar fram barst og sú vara sem þeir höfðu úr Grænlandi, og af þvílíku sá kóngurinn að við sjósiðuna á Grænlandi mundi eitt slags háttalag og sjóhöndlan vera til þeirra bjargræðis. Þess vegna ásetti kóngurinn sér með guðlegum tilstyrk að láta oftar til reyna hvað hér um sannast væri að reyna ef landið yrði víðar og hið efra rannsakað. Þeim grænlenku varð pláss og fólks umgengni til skikkað og varðhöld og aðgætni á höfð, þó án þvingunar í útgangi eður inngangi og varð undirvísun gjörð á einu og öðru.

¹² *Danska*: plumpre, plumre.

30. kap.

Í þann tíma sem þetta við bar voru framandi herrar gesandter og sendiboðar frá Spanía í Danmerkurríki inn komnir, hvörjir sig mjög forundruðu yfir uppbyrjan og mikilli framkvæmd margra viktugra hluta sem sá ungi kóngur Danmerkuríkis að sér tæki að útrétta, höndla og af stað koma, sem sig í þessu og fleiru klárlega auglýsti og sem í langa tíma hafði ótíðkanlegt verið, þvílík lönd að upp sigla sem í fjarska lægi frá öðrum þekktanlegum löndum. Og dádust hér að næsta mjög og að þeir hefði nú fengið soddan nýjungar að sjá þaðan, bæði fólk og vöru og annað þess konar sem Spanía fyrr aldrei séð hefði. Hvörnir þeir aumu menn gátu sig með fiski nært og með skinni klætt og hvörnir þeir á slíkum undarlegum bátum fengu síns daglegs brauðs og atvinnu leitað, til hvörs þeir grænlenku buðu sig að auglýsa með sínum smábátum hvað þeir vel kunnu með snillilegri list að auðsýna. Fyrst reru þeir jafnsíðis heiman af stað svo settlega sem sveinninn með jómfúrinni í dans gengi. Síðan þværreru þeir hvörjir frá öðrum svo hart í fram sem píla flýgur af boga og krókreru svo í kring og í hring, allt þar til að þeir tveir bátar fundust með spilandi list og reru svo kappróður og jafnróður sem nálægis hvör öðrum er verða mátti. Og nær þeir svo samsíðis með mesta kappi fram fóru þá kom hinn þriðji rennandi þeirra á milli, sem ein fljúgandi píla, og með mesta behendugleika gáfu hinir hönum passlegt gangrúm og hlaupfar sín í milli. Slíkt og fleira lystilegt létu þeir í frammi með snillilegum hætti, hvar af mátti hugleiða að þeir höfðu af Guði þegið bæði næmi, skilning og orku til að útrétta hvað þeir skyldu gjöra, ef þeir annars hefði þá menn nokkra sem þeim glögglega undirvísun gjörði sem til sérhvörs hlýddi og þá leiddi af fávískunnar grófsemi og klúrleika.

Þeir spönsku herrar gáfu þeim ærna peninga til skenks í gulli og silfri fyrir hvörjan klæðnað, og prýddu sig eftir vorri landsvísu til handa og fóta hið prýðilegasta og gengu með strútsfjaðrir í sínum höttum og kórðahníf við sína síðu. Strax með klæðunum jókst þeim dugur og djörfung og vildu riddarar og reiðmenn vera og létu sem af Grænlandi þeir stórherrar væri. Síðan byggðu þeir nokkra báta fleiri og stærri en hinir voru svo tveir menn máttu í hvörjum þeirra róa. Þeir undu sér vel um veturinn þar til vorið kom með dýrlegri veðráttu. Svo fengu þeir í sinni að leita af stað og kveðja Kaupinhafn, og með lempi komust að sínum bátum, og leynilega þaðan eitt sinn reru ofan í Eyrarsund og þaðan undir Skáney og báru öngvan kvíða fyrir hafsins harðfengi og hugðu svo til Grænlands ganga skyldi. Þetta skeði öllum óvitanlega. Síðan gjörðist mikið stormviðri sem þá inn dreif í Skáney, yfir hvörjum þar búendur stórlega undruðust og vissu ei hvað fyrir menn slíkir voru. En þó þeir þar eftir spyrðu fengu þeir af þeim ekki svar. Þá þetta spurðist í Kaupinhafn urðu þeir þangað aftur heim hafðir og þar eftir betur athugaðir að þeir ei svo oftar burt færi.

31. kap.

Þar eftir um miðsumarstíð lét kóngur halda einn herradag, í hvörjum með öðru fleira að Grænland var athugað og siglingarkostnaðurinn hugleiddur. Þá gjörðist sú ályktan að undir allri krónunni, til þessarar Grænlandsreisukostnaðar, skyldi hálfur skattur útgefast, hvörn almúginn til lét. Síðan lét kóngur út reiða 5 örlögsskip. Það fyrsta nefndist Öngulbrandur. 2. Sú fljúgandi örn. 3. Trausti. 4. Ljón. 5. Köttur.

Gottske Lindenå var settur aðmírall yfir öll skipin en kapteinarnir hétu svo: Hannes Kryman, Hannes Brün, Castian Rygardsson og Philippus Foss af kyni Dünkarka, að auki skipherrar, stýrimenn, byssskyttur og bátsmenn með valdasta fólki. Og á fimmtudag næstan fyrir uppstigningardag, þann síðsta maii, upp létu þeir sínum akkerum, út slógu sínum merkjum, upp drógu segl, af hleyptu Danmerkurlausn þremur skotum af hvörju skipi. Haldandi frá Kaupinhafn ofan í Eyrarsund og þá þeir grænlenku vissu að þeir áttu með að fara til Grænlands urðu þeir mjög glaðir.

Þessi skip þrjáluðu mjög lystilega undir sínu skarti sem einn vel taminn jór undir gylltum taumum og glæsilegum reiðskap. Þeir fengu sunnanvind, undir Noregis síðu þá kom vindur í móti og sigldu inn í Flekkerey og dvöldu þar ei lengi. Síðan héldu þeir í haf á áttunda degi. Þar eftir komu undir Hjaltland, þaðan héldu þeir þar til þeir fengu sjón og sigti sem naumst til vinstri handar á Orkneyjum og sigldu þær í suður frá sér. Síðan héldu þeir í það mikla Vesturhaf. Þar hrepptu þeir mikla kulda, frost, stormviðri og stórsjó, dimmviðri, hafsudda, óheilnæmt loft. Einn sá grænlenki dó og einn piltur og voru fyrir borð út snaraðir. Miðsumarskveld var gott blíðviðri, komu skipanna höfðingjar þá saman til ráðslögunar um það reisunni til hlýddi. En það mikla haf fékk það ei liðið svo þeir höfðu sig því nær og fordjarfað undir því það ráðslag að yfirgefa. Þeir héldu nú áfram sem vindar veittust. Gekk þeim daglega í vöxt stormar og stríðviðri, kuldi og ísrek, hvað miðsumarið mýkti ei.

Einn dag gjörðist klart loft þá sáu þeir land og há fjöll fyrir stafni. Voru þeir þá komnir undir Ameríka. Þeir héldu þar að landi, ásettu sér að halda hið beinasta til Grænlands. Þar komu þeir í mikla neyð af ísum er þeim lá við að tortína. Hvörgi sáu þeir sér undir landinu neitt hæli eður hlé, ei vikur né afvik. Viku því þar frá þar til þeir fengu hreinan sjó. Þar voru svo miklir straumar fyrir landi sem í rennandi vatnsfalli. Urðu þeir með vareygð fyrir ísinn að krækja. Þetta yfirstóð í 9 daga og þann 8. dag júlí komu þeir undir Grænland, norðvestan til undir landinu. Létu þar sín akkeri falla en ei komust þeir svo nærri landi að hafnir hittust.

Það skip Kötturinn hafði í hafinu frá villst og komst í stórar mannraunir af ís og stórsjó. Pétursmessuaftan kom þar mikil þoka með bitri hafgolu og kulda. Villtust þá í sundur skipin. Ljónið og Öngulbrandur hröktust víða um hafið lengi en Örninn og Trausti hittu hafnir þriðja dag ágústi. Jafnskjótt sem þeir voru á lag lagstir komu grænlenkir af landi á sínum bátum, með örvar og boga, umhverfis skipin. Síðan gáfu hvörjir öðrum friðarteikn. Þeir leyfðu þeim uppgöngu og sýndu þeim vingjarnlega sinn varning og grænlenkir gjörðu sína vöru fala, en þó með afurkostum svo ei þótti ábati við þá að kaupa. Og þá þeir höfðu þar um athugað, létu úr höfnum og vildu leita að vildara plássi Sankti Laurentíus kveld. Voru svo vítt undan landi þá nótt undir seglum en að morgni innhl[eyptu] þeir á eina vík. Þar var góð höfn, fjöll voru þar á báðar síður. Þar s[ýndist] þeim betra landslag en þar fyrst komu. Í sama máta komu grænlenkir til fundar við þá með skinn og margslags vöru er þar tíðkast, hvör ei var auðsótt utan með slægs visku. Mjög voru þeir um sig varir og raglyndir. Þar dvöldust þeir í 10 daga. Hugleiddu landslag og fólk um kring. Síðan bjuggust þeir þaðan, þó leynilega. Á deginum áður en þeir úr höfnum héldu náðu hvörjir fyrir sig til síns skips þremur grænlenkum, með slægð og kænsku, á þeirra bátum. Gottske Lindenå lét sinn smásvein þar eftir verða upp á líf og dauða fyrir hans margbrotin skálkheit, hvörn landsmenn sem león og vargar í sundur rifu heiftuglega og við léku allt í dauðann. Og að því svo búnu hljóp hvör heim til sinna byggða.

32. kap.

Síðan samdægris er þetta skeði héldu Danir úr höfnum og girntust þar ei lengur dvelja. Sáu sér ei hólpið með hefndir. En þá út í hafnarmynnið komu gekk þeim veður í móti. Þó gat Lindenå út komist með sitt skip og á næsta degi eftir fengu hinir vind út og komust svo til sinna stallbræðra. Þeir neyttu nú byrsins og lögðu frá landi og héldu í haf. Við þetta óróaðist grænenskum og sýndust sem vitlausar skepnur. Svo urðu þeir ólmir að þeir hirtu ei um líf sitt né limi, svo sem einn þeirra auglýsti er fyrir borð hljóp og drap sig sjálfan. Síðan sefuðust hinir og urðu nokkurn veginn hamdir. Héldu Danir sinn veg, hrepptu ís á heimleið og storma. Á einum degi í hóflegum stormi sáu þeir skip. Kom þar í veg fyrir þá sá villti Öngulbrandur er fyrr í [þo]kunni hafði frá þeim villst, hvörjum þeir vel fögnuðu.

Fimm dögum síðan kom á fyrir þeim mótstormur svo skipin urðu enn aðskilin. Varaði [það] fullan mánuð að ýmist blés með eða mót en þó oftast genviðri. [Fól]kið veiktist, einn maður dó og varð fyrir borð snarað. Vegur raktist þeim um síðir og sáu Hjaltland. Þeir létu nú hlaupa beint undir Noregis síðu. Þar varð enn öðrum fyrir borð varpað. Sigldu þar svo lengst með landi þar til vindur kom þeim enn í móti. Létu þá þurrt frá landi í haf út þar til byr gafst er þeim blés frá Líðandisnesi heim í Eyrarsund. Var það nær Michaelis-messu, inn leggjandi fyrir Kaupinhafnarstað, 5. október, hvar þeim varð vel fagnað. Danmerkurkóngur var þá heim kominn frá Englandi. Um Bartoli-messu og að fyrirkölluðum ferðamönnum, forheyrði kóngur um þeirra reisu og annað hvað við hafði borið í þeirra ferðum. En þó að þetta ómak væri ríkinu ábatalítið, hét kóngur ef til entist, að láta það enn oftast upp sigla, af því það væri hans og ríkisins erfðaland, ef það villifólk yrði lagfært og leiðrétt um kristilega trú og annað nauðsynlegt.

33. kap.

Á þessum tíma hafði kóngur margt í starfi, sem var að setja til múra í kringum Kaupinhafnarstað. Ítem turna og turnspírur að láta gjöra, grafir og díki um borgina, göfuga aldingarða og fleiri byggingar annarstaðar, og að útbúa herskip í Austursjóinn að verja illþýði svo háskalaust höndlast mætti landa á milli. Ítem herradag að halda í Noregi á hvörjum herradegi enn varð um Grænland áhrætt með öðrum fleirum ríkisins nauðsynjum. Svo á næsta ári eftir lét kóngur útbúa tvö sín orlogsskip sem best sigldu, sem var Trausti og Barken, með völdu fólki og nauðsynlegum farargreiða. Þeirra kapteinn hét Castian, fæddur í landi Holstein, sá eða áður þént hafði kóng Fridrich og í kapteinsembætti hafði sér góðs orðstírs aflað hjá framandi herrum, einkum í Ungarí og Pólen. Hönum fylgdi stýrimann að nafni Jacob, sá eð hafði upp skráð þá gömlu spönsku reisu kaptugans Frobisher er áður er umgetið. Og með að áður var norskt mál í Grænlandi fóru þeir með sem gamalt norskt mál kunnu. Og þann 3^{ja} dag maii héldu þeir heiman. Sigldu síðan undir Noreg og tóku sér höfn í Flekkerey, bjuggu sig þar enn betur til. Sigldu þeir þaðan undir Hjaltland og sigldu svo fyrir Svínborgarhöfða, milli Ferels og Eiglu.¹³ Þaðan létu þeir horfa enn meir að norðri heldur en fyrr hinnar reisunnar.

Þeir höfðu stóra storma og bitran kulda með miklum ofurstraumum, við hvörjum þeir urðu að setja sig. Þetta varaði í hálfan mánuð. Þann áttunda júnii litu þeir há fjöll fyrir stafni og dagaðist

¹³ Danski textinn: Feril og Egele.

uppi það mikla Grænland. Voru þeir margar vikur undan landi þá þeir það fyrst litu. Sigldu nú undir landið með lóðlínunum leitandi grunns og fundu ekki og af sundurmoluðum ís og mörgum bágingum aðskildu skipin fyrr en landi náðu. Og næsta dag hittust þó aftur, þá var slæm veðrátta af stormum og stórhriðum, en um síðir náðu þeir landi. Þar voru há fjöll, hraun og hamrar, dalir og jöklar, sker og annes. Stórselar biksvartir léku sér þar óttalaust um vikur og voga.

Þoka og dimmviðri gengu þar daglega. Það mátti leiðinlegt þykja ókunnugum þar lengi að dvelja. Gátu ei, fyrir stormum og ísum með grynningum, höfnum náð að heldur. Urðu þá enn í þessum háska frá landi að halda. Komust svo inn betur í landið annarstaðar langtum lengra í burt. Miðsumarsdag í móti kveldi skein sól og lék vindur af hafi og blés þeim undir landið, hvar þeir flökkkuðu enn nokkra daga. Voguðu ekki að gefa sig inn í neinum stað sakir íss, hreggviðra, þoku, myrkurs og stórra storma. Urðu enn frá landi að halda og krækja fyrir ísinn. Héldu þeir þetta pláss vera það sem sá spanski Frobisher fyrr áhitti og nefndu það eftir hönum. Þeir sáu öngva smugu í ísinn eður öngvar hafnir hvar þeir mættu inn komast. Ávallt voru þeir undir seglum. Þetta varaði allan júlímánuð.

34. kap.

Vitjunardag Maríu að kvöldi ásettu þeir sér enn að halda að landi. Og svo komust inn á einn fjörð, hvar inni að var hægviðri, en þó var þá ei minni háski en fyrr fyrir hendi, því ísinn lá fyrir innan, en utan að skerjum ráku stormar og straumar mikillegan ísskafl úr hafinu inn að þeim og upp fyllti allt hafnarmynnið þar þeir höfðu inn komist. Var nú enginn góður kostur fyrir hendi, dauðinn vís skipin að flýja, hvör ei heldur treystust aftur að finna ef þeir þaðan frá viki. Svo voru öll mannleg ráð úti. Urðu nú flestir angraðir, mænandi augunum út með tárur. Eins leist þeim bággt upp í landið að komast því bæði skipin stóðu föst í ísum.

Fólkið tók þá til að veikjast, langaði í ferskt vatn þó það lítið batað hefði, hvað ei fékkst. Þar með leið nú mjög á sumarið. Fólkið bar sig lítt. Hvað þeir vildu á einum degi traktera, enn nú á þeim degi það skyldi fram koma, gjörði æðistorm. Þeir héldu þennan landspart það vera sem spanski flotinn forðum frá hraktist inn í Culnar¹⁴ í Rússía. Ógnin var svo grimm að þeir gátu skipunum naumlega bjargað. Þar með molaðist allur ísinn sem fyrir utan var og frá ringlaðist svo þeir með það komust út, kveðjandi það góða Grænland, stefnandi sinn kúrs heim í Danmörk. Fyrst undir Ísland en stormviðri bægðu þeim þar frá og undir Færeyjar. Þaðan undir Hjaltland og undir Noregis síðu, fyrir Manndals [000] og þaðan undir Skagen og að Lessey¹⁵ og svo í Eyrarsund og inn fyrir Kaupinhafn.

Þá var kóngur ferðbúinn með sín orlogsskip til herradagsins í Noregi. Þeir sögðu kóngi frá hið ljósasta eftir því sem við bar og til féll. Kóngi fannst lítið um þetta, ásetjandi enn með tíðinni að til reyna um Grænland, hvað enn að nýju var áhrætt á herradeginum í Noregi, því kóngur þenkti ei svo um Grænlands ábata sem um æru og hrósan, því hann áleit meir og frammar öllu

¹⁴ Danski textinn: Culmar.

¹⁵ Hlésey. *Danska*: Lesø.

hégómlegu eitt heiðarlegt nafn og rykti sem skáldið kvað: Þó heims forgangi háski og fár /
heiðarlegt nafn um eilífð stár.

Og endar þar með þessa Grænlandsreisukróniku.

Finis